- Ég vil afnema og banna plast og önnur gerviefni hvort sem er á fótboltavöllum eða þar sem börn eru að leika. Einnig sé ég lítinn tilgang í því að planta rólu og rennibraut hér og þar. Vil di ég frekar sjá færri svæði sem meira væri lagt í þar sem vinir og fjölskylda geta komið saman til leikja og líkamsræktar. Sé og svoleiðis svæði umkringgt trjáum til þess að minnka mengun og svifryk sem nóg er af í þessari borg.
- Ekkert sérlegt.
- Ekkert þannig.
- Ekki þannig séð.
- Endurnýja Laugardalshöllina, strax :-).
- Fjölnota knattús vestan við Þrótt niðurgrafið með bílastæðum ofan á.
- Fleiri íþróttahús þar sem Laugardalshöll er oft fullbókuð. Skólaíþróttahúsin of lítil til að taka við t.d. körfuknattleiksrökkum í hverfinu.
- Fleiri opna sparkvelli.
- Fleiri svæði, meira úrval.
- Fleiri tómstundarútur eða sambærilega þjónustu.
- Fótboltahöll við Þrótt og a uðvitað löglegt hús í stað Laugardalshallar.
- Fylgist ekki mikið með íþróttum svona almennt.
- Gera upp Laugardalslaug, hún er að grotna niður.
- Gönguskiðabraut varntar þegar það er snjg.
- Halda við það sem fyrir er og bæta við.
- Hálfkuverja ákveðnar göngu- og hlaupaleiðir, t.d. Laugahringinn 5.6 km. Hentar fyrir unga og gamla sem gætu komið sér á hringinn og gengið/hlaupið hann í hvaða veðri sem er.
- Hand- og körfuboltahöll. Nýjan fótboltavöll fyrir landsleiki o. Fl.
- Hjólaæfinga svæði.
- Húsnæði þróttar, þ.e. aðstöðu fyrir fótbolta. Sameina mætti Þrótt og Ármann og aðstaða til körfuboltaæfinga Ármanns mætti stórbætta. Það er ekki hentugt að Laugardalshöllin sé æfingastaður barna þar sem æfingar falla alltof oft niður þar. Einnig sárvantar inniaðstöðu fyrir tennisæfingar í Reykjavík og þætti mér eðlilegt að sú aðstaða væri í Laugardal. Svo má stórbæta útiaðstöðu í hverfinu fyrir körfubolta.
- Inniaðstöðu fyrir körfubolta og fótbolta.
- Já, fjölga skautasvllum.
- Já, það bráðvantar innanhúsaðstöðu fyrir knattspyrnu þróttar sem og almenna íþróttaiðkun grunnskólanna.
- Já, það þarf að byggja íþróttahús. Börnin mín er að æfa fótbolta úti í stormum, miklu frosti og sudda. Oft þarf að fresta æfingum. Ég tel þetta ekki vera boðlegt.
- Já, þar rípróttir eins og klífur þurfa bættu aðstöðu og aukið dögengi og stuðning frá borginni. Það þarf að auka fjölbreytni við eignum t.d. fína aðstöðu fyrir sund.
- Kannski unglinga miðstöð?
- Körfuboltakörfur.
- Lagfæra, snyrta, þrifa, uppfæra!
- Laugardalslaug þarfnast sárlega viðhalds. Húsið lekur og þá kemur mygla. Það mætti líka finna stærra húsnæði fyrir Klífurhúsið. Starfsemin kringum klífur er alltaf að aukast.



## Sp. 22. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í Reykjavík eða þínu hverfi?

### LAUGARDALUR - FRAMHALD

- Kannski nýta túnreitinn á móti Glæsibæ eða Toppstöðina í Elliðaárdalnum?
- Leggið gangstíga þar sem fólk vill labba. T.d. þar sem gras er troðið vegna gangandi umferðar þar á að leggja gangstíg. Einnig má sjá þegar snjó er yfir hvar fólk vill labba, leggið gangstíga þar. Reynið ekki að stýra gönguleiðum fólks með gangstígum sem enginn notar.
- Mætti lýsa alla stíga í Laugardal svo það sé betra að hlaupa á þeim þegar það er orðið dimmt.
- Malastíga til hliðar við þá malbikuðu til að geta gengið úti þegar hálka er á malbikinu.
- Mér finnst að það þurfi að bæta almenninguþróttaaðstöðu í Laugardal. T.d. setja upp æfingatæki á einum stað í dalnum, en ekki dreifa stöngum á víð og dreif og þ.á.m. nýjustu víðbótina sem er algjört klúður þar sem þær voru hafðar svo hátt uppi að það er ekki nokkur leið að maður geti hoppað í hana. Klifurbraut fyrir börn og meiri fjölbreytni. Ekki ein skorða leikaðstöðu í dalnum bara við húsdýragarðinn. Nýjasta víðbótin við orminn er ágæt en ekki nógu fjölbreytt. Það mætti einnig vera hrestiaðstaða eins og keppt er í grunnskólunum um landið á svæði þar sem er ekki lokaður aðgangur eins og við Laugardalslauginna. Heildstæða hugsun um aðgang og fjölbreytni í þessu gott fólk.
- Nei, í hverfinu er mjög fjölbætt íþróttaaðstaða.
- Skaða aðstöðu fyrir eldri borgara gegn vægu gjaldi eða frítt.
- Sparkvöll við Waldorskóla/HS stöðina.
- Stækka Laugardalsvöllinn.
- Stunda engar íþróttir.
- Það er margt sniðugt í Laugardalnum, en þar sem þetta er svo illa úthugað þá eru þeir að grotna niður og lítur illa út. Það eru nokkrar stöðvar í Laugardalnum fyrir líkamsrækt úti, en það er illa slegið í kringum þær og eru þær rosalega mikið gras og illgresi í kringum þær. Myndi líka vilja geta komast á hlaupabraut og staði til að hlaupa á sem eru ekki bara malbikaðir, hnén á mér geta ekki hlaupið á malbiki og á ég mjög erfitt með að finna staði fyrir mig að hlaupa á.
- Það mætti niðurgreiða íþróttir fyrir 4-5 ára líkt og er gert fyrir eldri börn.
- Það mætti vera víðar tæki til að hanga í og/eða tæki fyrir teygjur.
- Það þarf að bæta hjólamenningu með meiri fræðslu bílstjóra sem og hjóleiðamanna til að hægt sé að nýta betur hjólin sem samgöngumáta og heilsubótarumleið. Þarf að laga róluvelli svo hægt sé að nota þá sem almenna aðstöðu til íþróttaiðkunar. Hægt að hafa slár og fleira einfalt svo fjölskyldur geti hreyft sig og leikið þar saman. Einnig þarf bekkir svo hægt sé að horfa á fyrir þá sem eiga erfitt með hreyfingu.
- Það þyrfti að byggja tennisöll í Laugardal :).
- Það væri frábært ef knattspyrnuvöllur Þróttar yrði annað hvort upphitaður að vetri þannig að það væri ekki glerhálka á honum eða hann á kafi í snjó eða yfirbyggður völlum yrði að veruleika.
- Það væri gott að krakkarnir gætu æft fótbolta innanhúss á veturna.
- Það vantar allveg viðunandi aðstöðu fyrir inni íþróttir í mínu hverfi. Hef verið með börn í Laugalækjarskóla og Þrótti þar sem engin íþróttaaðstaða er innanhúss nema mjög takmörkuð nýting á Laugardalshöll.
- Það vantar fjölnota íþróttahús.
- Það vantar íþróttahús fyrir Þrótti til að stunda boltaíþróttir.
- Það vantar íþróttahús til boltaíðkunar innanhúss í hverfinu. Laugardalshöllin, sem á að vera okkar íþróttahús, er notuð í svo margt annað en íþróttaiðkun, t.d. sýningar og landslið þannig að þau sem æfa eru látin víkja. Svona hefur þetta verið lengi, lengi.
- Það vantar íþróttahús undir knattspyrnu, mjög slæm aðstaða á veturna. Laugardalshöllin er tekið undir alla viðburði svo blak og handbolti þurfa frá að hverfa.
- Það vantar úti körfuboltavelli.
- Þrótti vantar inniaðstöðu.
- Vantar aðstöðu til göngu innanhúss að vetri til og þá er ég að hugsa sérstaklega fyrir fólk sem ekki er á vinnumarkaði einhverra hluta vegna. Veit að það er aðstaða í Egilshöll og þannig væri allveg frábært að fá aðstöðu í Laugardalinn.
- Vantar aukið úrval á sölum til afnota/leigu þar sem hægt væri að stunda hreyfingu/líkamsrækt og áðrar styrktaræfingar sem hluti af annarri íþrótt. Eins er skautahöllin orðin heldur lúin og það mætti gera aðstöðu fyrir íssportin betri.
- Vantar dorgbryggju á Laugarnestanga.
- Vantar íþróttahús fyrir skóla og hverfisfélag.
- Vantar íþróttahús fyrir ungmenni sem æfa körfu og handbolta hjá Þrótti og Ármanni. Íþrótti er víkjandi hluti ef Höllin fær stórfundi, tónleika og viðburði í íþróttum.
- Vantar íþróttahús við Laugalækjarskóla og íþróttahús eða fleiri velli fyrir þrótt fyrir fótboltaæfingar.
- Vantar lýsingu.
- Vantar yfirbyggðan fótboltavöll í hverfinu/hjá Þrótti.
- Viðhald og lagfæring á frísbíggjvellinum.
- Yfirbyggður fótboltavöllur.
- Yfirbyggðan fótboltavöll.
- Yfirbyggð gervigras.



## Sp. 22. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í Reykjavík eða þínu hverfi?

### MIÐBORG

- Nei (9 sem nefndu það).
- Fleiri hjólastíga (2 sem nefndu það).
- Pass (2 sem nefndu það).
- Að hún sé til staðar.
- Að klára hjólræðastíga.
- Aðstöðu til að tepla eða spila kotru.
- Æfingatæki úti.
- Allt af hægt að bæta aðgang barna að svæðum.
- Bæta hjólastíga; mörgum eldri stígum er illa viðhaldið. Sömuleiðis er undarlegt að í endurbættri Sundhöll sé skortur á klefum.
- Banna bílaumferðalíni í Öskjuhlíðinni.
- Betri lýsingu á göngusvæðum, t.d. í kröngum tjörnina.
- Better connection of bike lanes through Hlemmur/Snorrabraut.
- Don't know.
- Ég er í miðbænum og þarf að keyra mjög langt til að komast með barnið í íþróttaiðkunina.
- Ég er mjög ánægð. Sundlaug og gönguleiðir eru í nágrenninu.
- Ég fer í gönguferðir, það er mín íþrótt. og mér finnst að bæta þurfi aðstöðu til gönguferða hér í miðborginni. Það felst fyrst og fremst í minni bílaumferð og minni mengun.
- Ekkert sérstakt, en alltaf má þó gera betur.
- Ekki fyrir mig.
- Ekki svo ég viti um.
- Engin heilsuræktarstöð í miðborginni.
- Er antisportisti og er alvegsama.
- Er ekki í íþróttum og þekki því ekki málið.
- Er lítil sem engin úti við, nema hægt að ganga um - sem er gott.
- Fá líkamsræktarstöð í miðbæinn væri s úper næs.
- Færa hjólræðamenn af göngustígum.
- Finnst vanta betri íþróttastöðu í 101. T.d. íþróttavöll.
- Finnst vanta t.d. körfuboltaspjald í miðborgina, hefði t.d. haldið að það ætti að vera í miðbæjarskólanum.
- Fjölbreyttara úrval af íþróttaiðkunum væri gott.
- Fleiri boltavelli.
- Fleiri græn svæði, a uðvelda fótgangandi aðkomu.
- Fleiri íþróttahús. Gefa fólki sem kominn er yfir miðjan aldur möguleika að stunda íþróttir.
- Fleiri úti íþróttatæki í gördum, s.s. Hljómskálagarði.
- Fleiri va tnsþósta.
- Frístundabíll fyrir börn sem búa í 101 þar sem íþróttahús eru í fjarlægð sem þau geta ekki gengið/hjólað sjálf til að stunda sínar íþróttir.
- Góðir hjólastígar og ánægður með göngu/hlaupastígana.
- Gönguleiðir.
- Hafa aðstöðu fyrir fjölbreyttari íþróttir, ekki bara boltaiþróttir.
- Hafa fleiri opin græn svæði. Skautasvell á tjörninni.
- Hef séð víða í útlöndum æfingatæki í almenningsgörðum. hentar mjög vel eldri borgurum.
- Hlaupaleiðir úti.
- Hún er allt of lítil og hefur ekki breyst á seinustu 10 árum en fólki hefur fjölgað mikið.
- Í góðu lagi.
- Íþróttastöðin í 101 er engin. Á meðan íþróttahallir rísa í úthverfum er ekkert gert fyrir börn í miðbænum. Ekkert.
- Knattspyrnu hús.
- Koma upp íþróttatækjum í almenningsgörðum.
- Körfuboltavöll í miðbæinn.
- Leikfimisall.
- Líkamsræktarstöð í hverfið. Helst crossfit.
- Líkamsræktarstöð í miðbæinn.
- Líkamsræktarstöð.
- Lítið framboð er fyrir yngri börn inn í hverfinu og alltaf þarf að fara á bíl til að skutla og sækja.
- Lítið í boði í 101.
- Ljúka frágangi við Sundhöll Reykjavíkur, sem er mikil bót fyrir íþróttaiðkun í hverfinu.
- Mætti hafa metnaðarfullri leikvelli fyrir börn þar sem einnig eru líkamsræktartæki fyrir fullorðna eins og eru t.d. í húsgarðinum milli Laugavegs og Bríetartúns.
- Mætti koma upp fáum æfingatækjum á Klambartúni sem mundi vera ígrófaratagi hefséð það er lenti í almenningsgörðum.
- Meira pláss.
- Meiri fjölbreytni en bara Krauhúsið og Sundhöllin.
- Mér finnst skák mætti njóta meiri meðbyrs.



## Sp. 22. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í Reykjavík eða þínu hverfi?

### MIÐBORG - FRAMHALD

- Mikið um lausa hunda í hljómskálagarðinum sem veldur óþægindum.
- Miklu meira af almennings líkamsræktar tækjum fyrir fullorðna til þol-, styrktar- og teygjuæfinga. Hljómskálagarðinum, Klambratúni (betri tæki) - öllum opnum almennings svæðum, með fram sjónum, Sæbraut og jafnvel inn í stærri undirgöngum t.d. við Miklubraut/Snorrabraut.
- Minnka bílaumferð.
- Mjög lítil aðstaða til íþróttaiðkunar í 101.
- Myndi gjarnan vilja fá líkamsrækt t.d. þar sem víðir er t.d. húsnæði stendur tóm.
- Nei, alveg nóg af endalausum völlum!
- Nei, ekki neitt.
- Nei, svo sem ekkert sem kemur upp í hugann.
- Nei. Ég stunda ekki íþróttir.
- Opni skólaleikvöllir upp við íbúðarhús eru óþolandi.
- Rennibraut fyrir börn í Sundhöllina.
- Spurning hvað „íþróttaiðkun“ þýðir. Ekki mikið um íþróttavelli í miðbæ, en sund og græn svæði. Það er fínt!
- Stunda ekki íþróttir og þekki aðstöðuna ekki nóg vel.
- Stunda sjósund mætti vera meira úrval, fleiri staðir í boði..
- T.d. skemmtilegri og lifandi leiksvæði.
- T.d. tryggja að fullorðnir menn reki ekki krakka af sparkvellingum við Austurbæjarskóla, eins og oft hefur gerst. Svo mætti opna ugun fyrir því að ekki stunda allir fótbolta.
- Það er endalausar frakvæmdir og þær eru fyrir. Það er t.d. varla hægt að labba á Hverfi sgötunni.
- Það er engin líkamsræktarstöð í miðbænum.
- Það er engin líkamsrækt í 101 að Crossfitstöðinni í Granda undaskilinni. Það er stórfurðulegt að það sé engin líkamsrækt á þéttbýlastastað bæjarins.
- Það er engin líkamsræktarstöð í 101. En það er ekki á vegum Reykjavíkurborgar að laga það.
- Það er í raun inni ekkert í boði í miðbænum sem er ekki ótrúlega dýrt. Sérstaklega ef maður á ekki bíl.
- Það er ófært í umferðinni austur í bæ milli 4 og 6pm þar sem ræktin er flestar.
- Það má byggja líkamsræktarstöð í miðbænum frekar en að byggja helvítis hótél.
- Það væri tilvalið að setja upp úti-líkamsræktartæki hér og þar í borginni, einkum 101.

- Þarf að hugsa þessa spurningu (mjög líklega þarf að bæta hana).
- Þegar strákarnir mínir voru litlir léku þeir sér mikið í hestaréttinni á bak við fríkirkjuveg 11 helst í fótbolta. Ég vona að borgin tryggi að börn hverfisins fái að nýta réttina til leikja.
- Vantar grænt leik/íþróttasvæði í vesturbæ 101 megin við Hringbraut.
- Vantar í raun íþróttafélag í hverfið.
- Vantar líkamsræktarstöð göngufæri.
- Vantar líkamsræktarstöð í miðbæinn!
- Vantar líkamsræktarstöð þar sem hægt er að komast að t.d. á bíl.
- Veðrið.
- Veit ekki hvað væri hægt að gera.
- Vil fá fría tennisvelli. T.d. á Miklatúni.
- Viðingarleysi Reykjavíkurborgar gagnvart íbúum í 101 þar sem eftirlitslaust er troðið vinnveitingastöðum í stórum stíl og skríslæti drukkinna aðila um helgar óbærileg. Enginn tekur á byrgð á hávaðaseggjum/dó pistum/fyllibyttum því lögregla sést ekki og mætir ekki þó kvartað sé og beðið um aðstoð.
- Yfirbyggðar íþróttahallar það er 1 svoleiðis í þeirri stærðargráðu sem þarf í dag.
- Zebra crossing next to kindergarten really needs speed monitors. To help parents crossing with their children. It so hard to cross. Instead of car stopping for parents to cross with their children. Parents are the ones stopping for cars to pass. Reykjavík seriously need to work on that. And also parking space within the city's and the hospital areas.





## Sp. 22. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í Reykjavík eða þínu hverfi?

### VESTURBÆR

- Nei (10 sem nefndu það).
- Veit ekki (3 sem nefndu það).
- Að strætóleiðirnar séu betur hannaðar svo að ég geti tekið strætó beina leið í líka msræktarstöðina mína, eins og staðan er núna, þyrfti ég helst að taka einn vagn sem fer í raun lengra frá líkamsræktarstöðinni, svo að ég geti náð einum vagni að líka msræktarstöðunni, sem flækir ferðina og er því í raun tvíverknaður.
- Aðgreina hjólastíga frá göngustígum.
- Að staða fyrir fullorðna, eins og tækjasal t.d. tengdum sundlaugum.
- Að stöðu fyrir fjölbreyttari íþróttaiðkun - hér hefur áhersla verið á sparkvellis em eru aðallega notaðir af 5-12 ára strákum en fátt annað hefur verið byggt upp. Það vantar algerlega upplýstan völl með körfum og rými fyrir aðra bolta og þemaleiki, svæði til hjólabrettaiðkunar og annarra óræðari leikja - sbr. skapandi leiksvæði á norðurlöndunum. Við getum gert miklu betur á þessu sviði!
- Að stöðu fyrir ungt knattspyrnu- og badmintonfólk.
- Allt sprungið í kríngum KR fyrir löngu.
- Bæta leikaðstöðu við Vesturbæjarskóla, t.d. sparkvöllur. Taka skrefið og bæta aðstöðu í KR. Að staðan langt frá samkeppnishæf og íbúar vesturbæjar komnir langt á eftir með aðstöðu fyrir íþróttaiðkun barna sinna. Að staðan hýsir ekki þær greinar sem félagið vill halda úti, sbr. handbolta. Virkilega vont að horfa upp á að iðkendurnir eru til staðar en að staðan býður ekki upp á þennan fjölda sem vill stunda íþróttir hjá KR. Einnfalda svarið væri að brottfall úr íþróttum hjá KR verður meira á næstunni ef ekki verður gengið sköruglega í endurbætur.
- Bætt inni- og úti aðstaða fyrir yngstu börnin.
- Betri aðgang almenninga að íþróttasölum í íþróttahúsum, mættu vera fleiri íþróttavellir í hverfinu s.s. fótboltavellir, körfuboltavellir.
- Betri æfingaaðstöðu fyrir börn sem leggja stund á knattspyrnu og körfubolta.
- Borgin þarf að samþykka breyti ngatillögu KR svo hægt sé að hefja framkvæmdir til að bæta aðstöðu.
- Börn í Gamla vesturbænum þurfa að fara yfir erfiða umferðargötu til að komast í KR og sund o.fl. Gönguljós við Meistaravelli hafa aðeins bætt úr því!
- Byggja þarf yfir fótboltavöll. Mætti líka vera fyrir fleiri hverfi en mitt.
- Ef átt er við íþróttafélag þá er allt of lítið pláss hjá KR.
- Ég bý í 101 Vesturbæ. Þaðan er ógerlegt að s enda yngri börn í íþrótti (nema knattspyrnu fyrir 1+2 bekk) vegna þess að þau komast ekki örugglega yfir Hringbraut. Þá vantar alveg fleilaika í Vesturbæ, en bíðlistar eru of langir í Gróttu og of langt fyrir yngri börn að fara.
- Ég stunda engar íþróttir.
- Ég vil sjá meiri fjölbreytni til íþróttaiðkunar í mínu hverfi. Nýta betur íþróttahús skólana eftir skóladag.
- Ekkert gym í miðbænum.
- Ekkert sem ég veit um.
- Ekkert sem kemur upp í hugann.
- Ekki breyta íþróttafélagi í byggingarfélag.
- Endurbæta og viðhalda sundlaugum. T.d.. Laugardalslaug sem þarf nauðsynlegt viðhald.
- Engin aðstaða fyrir börn að stunda íþróttir í gamla vesturbæ.
- Er ekki með ung börn lengur og nota sjálf ekki íþróttaaðstöðu.
- Fleiri sparkvöllir.
- Gera íþróttaaðstöðu barna í KR hærra undir höfði.
- Hafa meiri samfellu í skóla og tómstundum, betra aðgengi að tónlistarnámi. Börnin mín þurfa að sækja tónlistanámi á nnað hverfi með tilheyrandi vesni.
- Hef ekki spáð mikið í það þar sem ég er ekki með börn.
- Innsundlaug væri frá bær, en það er auðvitað ekki hægt að hafa þær alls staðar.
- Íþróttaaðstöður fyrir almenning má stórbæta. Sem sagt að staða fyrir áhugamenn að stunda íþróttir án þess að vera félagi í einhverju félagi.
- Íþróttahús vantar í hverfið.
- Já, ekki byggja á svæðum sem hafa verið frá tekin fyrir íþróttastarfsmiðar.
- Já, það vantar fleiri sparkvelli með gervigrasi í Vesturbænum fyrir börn. Einnhvern tímann var talið um að KR fengi Sífhúsið sem hefði betrubætt aðstöðuna heilmikið en þá verandi borgarstjórn sýndi engan vilja.
- Já. KR (eða aðrir) þurfa meiri aðstöðu. Og það vantar almenna líkamsrækt í hverfið t.d. við Vesturbæjarlaug.
- Kíkið bara aðeins við í Vesturbænum, þá sjáið þið á standið.
- Knattspyrnuhús, betri æfingaaðstöðu. Það var kolröng á kvörðun að byggja blokkir í stað gömlu skemmunnar við Keilugranda.
- Knattspyrnuhús.
- KR er of lítið. Kominn tími til að stækka það.



## Sp. 22. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í Reykjavík eða þínu hverfi?

### VESTURBÆR - FRAMHALD

- KR svæðið er löngu sprungið. Svo er út í hött að Reykjavíkurborg byggi fimleikahús á Seltjarnarnesi.
- KR þarf stærra svæði. Fleiri fótboltavelli, körfuboltavelli, crossfit stöðvar, yoga, vatnshana fyrir þá sem hlaupa, og margt fleira.
- Laga þá sparkvelli sem eru í hverfi 107, allir eru þeir í óhriðu eins og flest á almennum opnum svæðum.
- Lélega á staða t.d. fyrir fótboltaíðkun hjá KR á veturna. 8 ára börn þurfa að æfa þrisvar í viku úti við allan veturinn. Barnið mitt vill ekki æfa lengur út af þessu.
- Líkamsræktarstöð í Vesturbæinn.
- Lítil sem engin uppbygging hefur verið á KR svæðinu síðastliðin mörg ár þ.a. á staðan sem þar er er langt á eftir mörgum öðrum íþróttasvæðum borgarinnar.
- Lýsa göngustíg Egissíða-Skerjafjörður svo hann nýtist til hlaupa þegar dimmt er.
- Mætti setja upp einföld líkamsræktartæki fyrir fullorðna. Hef séð svleiðis við leikvelli t.d. í Vín.
- Mætti vera fjölbreyttari innan hverfisins og samþátta það skólustarfinu. Eins og staðan er þurfa foreldrar að skutla allt of mikið.
- Mætti vera líkamsræktarstöð í hverfinu - frekar langt að fara út á Seltjarnarnes.
- Mætti vera meira um hjólasvæði fyrir börn.
- Mætti vera tennisvöllur, fleiri körfuboltavellir og opið hús með innivöllum.
- Mættu vera fleiri körfuboltavellir með góðu undirlagi eins og í Hagaskóla (úti).
- Meira af grænu svæði.
- Meiri afslátt fyrir systkini.
- Mikilvægt að bæta íþróttastöðu í KR. Vantar nauðsynlega fjölnota gervigras innanhúss. Einnig þarf að styrkja aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.
- Mikilvægt að hafa hana fjölbreytta fyrir bæði kyn.
- Nei, allt í lagi með það.
- Nei, dettur ekkert í hug.
- No.
- Nota sérstaklega undaðstöðuna sem er einstaklega góð og veruleg forréttindi að hafa.
- Óánægja mín snýr aðallega að vatnslindum - virka fæst í Reykjavík og þá sérstaklega ekki á veturna, ja fnvel þótt það sé ekki frost. Hef samanburðinn við Seltjarnarnes þar sem það er alltaf rennandi vatn. Við ríst enginn hafa umsjón með þessu í Reykjavík.
- Ódýrar í sund.
- Of lítið af opnum svæðum til íþróttaiðkunar.
- Of þröngt um KR.
- Opin svæði fyrir börn til að spila hópíþróttir, s.s. fótbolta. Það vantar tilfinnanlega frjálsíþróttastöðu í KR / Vesturbæ, enda ekki allir sem kjósa hópíþróttir.
- Setja upp íþróttatæki fyrir almenning, úti.
- Setja upp mun fleiri útiæfingataeki og bæta lýsingu við göngustíga.
- Sleppa áformum við stórkostlega minnkun íþróttasvæðis KR og nýta undiríbúðar- og þjónustuhúsnæðis. mikilvægt að svæðið, sem er það eina sem KR hefur til afnota, verði nýtt undir íþróttastarf og ekkert annað.
- Sparkvelli.
- Strætóferðir.
- Strætóteyngingu Skerjafjarðar við Faxaskjól.
- Taka burt eitthvað þessum koddum og upphækkunum sem eru út um allt og þrengingu á götum sem eru út í hött. Á Hringbraut eru tvenn gönguljós með 100 metra millibili sem tefur umferð allverulega á morgnana. Eins gönguljósinn við Þjóðminjasafnið eru alveg út úr kortinu, voru færð nær hringtorginu og svo er strætó stoppustöð 20 metra frá ljósunum sem gerir það að verkum að umferðar stopper yfir hringtorgið sem stoppar alla umferð. Umferðarljós eru hvergi samstillt. Allt gert til að tefja umferð sem mest. Hofsvallagatan er gott dæmi, þegar þú kemur norður götuna og ætlar að beygja til hægri er búið að taka aðra akreininna fyrir hjól sem eru aldrei á ferð þarna og myndast oft löng röð af bílum á þessu horni.
- Tala við fólk sem tekur ekki þátt og komast að því hvers vegna, ryðja svo þeim hindrunum úr vegi.
- Tengja akstur í hverfinu við íþróttafélag.
- Það er engin líkamsræktarstöð eða æfingasalir í mínu hverfi.
- Það má gjarnan bæta aðgengi fyrir hjólandi fólk í hverfinu. Ég lenti ítrekað í því að fá málm- eða glerflisar í dekkinn þannig að þa uspringa. Þetta er vegna þessa að götur eru ekki nógu vel sópaðar. Ég sópa sjálf gangstéttir fyrir frá man mitt hús (í gamla Vesturbænum) og ég geng nokkrum sinnum í mánuði í kringum húsið til að þrifa upp rusl, og mér finnst það skylda mín sem borgarþing að taka þátt í að halda borginni hreinni. Miðbæinn þarf aftur á móti að þrifa oft og reglulega en mér finnst brotalöm þar á.
- Það mætti laga körfuboltavöllinn á Klambatúni. Einnig mættu vera fleiri körfuboltavellir á höfuðborgarsvæðinu óháðir grunnskólalöðum.
- Það mætti vera betri aðstaða til útiæfinga.



## Sp. 22. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta varðandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í Reykjavík eða þínu hverfi?



### VESTURBÆR - FRAMHALD

- Það væri mjög á nægjulegt ef það væri líkamsræktarstöð í vesturbæjarlauginni.
- Það væri þá helst að gera skautasvell á tjörninni og aðstöðu á Tjarnarbakka.
- Það vantar allt í gamla Vesturbæ. Körfuboltavöll Hjólabrettavöll Parkourtæki Fótoltavöll Sleðabrekku Vistgötur Hjólastígar Íþróttahús Frjálsíþróttaaðstöðu.
- Það vantar almennilegan þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir.
- Það vantar batta á völinn við Melaskóla. Þarf að laga fótoltavöll, þ.e. mörk og girðingu við Sörlaskjól.
- Það vantar betri aðstöðu í KR. Einnig meira ljós í öllu skammdeginu, því veðrið er oft gott en það er svo dimmt að börnin þora ekki að vera úti.
- Það vantar fleiri fótoltavelli og varla körfuboltaaðstaða nokkurs staðar í hverfinu.
- Það vantar körfuboltaspjöld á leiksvæði víðar í hverfið og battavöll fyrir knattspyrnuíðkun.
- Það vantar líkamsræktarstöð í vesturbæ/miðbæ. Aðstaða fyrir íþróttir fyrir börn og unglíng, sem eru ekki fyrir fótolta, er fremur léleg.
- Það vantar nýtt íþróttahús, aðstaðan sem í boði er, er löngu sprungin, Melaskóli hefur ekki sturtu aðstöðu fyrir börn.
- Það vantar s parkvöll við Vesturbæjarskóla.
- Það vantar staði þar sem hægt er að leika sér á þess að vera í skipulögðum íþróttum. Það vantar skautasvell.
- Þarf að minnka stuðning við stóru íþróttafélögin og auka stuðning við fjölbreyttari tóms tundaáhugamál. Það er bilun að 350k manna þjóð sé með svona margar íþróttahallir.
- Þekki ekki nógu vel.
- Þekki ekki.
- Þekki mjög illa til aðstöðunnar.
- Upphífangastangir í almenningsgarða.
- Væri fínt að hafa líkamsræktarstöð nær.
- Væri geggjað að fá útiaðstöðu við Ægissíðu í líkingu við þá sem er í Fossvoginum. Æfingartæki úti.
- Vandar nýtt félag í vesturbæ.
- Vantar áþreifanlega íþróttahús við KR, svo hægt sé m.a. að æfa inni á veturna. En það stendur víst til bóta.
- Vantar fleiri líkamsræktarstöðvar en það telst ekki beint undir Rvk. borg.
- Vantar flest norðan Hringbrautar fyrir börn og fullorðna.
- Vantar innilaug við Vesturbæjarlaug.
- Vantar líkamsrækt í gamla vesturbæinn.
- Vesturbæjarlaug er löngu sprungin, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna. Það þyrfti að stækka laugina, sérstaklega brautum til að syna. Mætti gjarnan hafa innilaug fyrir æfingar og skólasund. Stóri potturinn er oft mjög þéttsetinn líka. Það þarf að aðgreina betur barnalaugina og gera hana meira spennandi. Svo mætti gjarnan bæta við sérstakri flotlaugs myndi um leið nýttast fyrir vatnsleikfimi. Því (sam)flot er vaxandi trend. Jafnvel bæta við líkamsrækt eins og hugmyndir voru um einu sinni (World Class). Aðstaða fyrir körfubolta er léleg, það vantar fleiri og betri körfuboltavelli t.d. við Melaskóla. Aðstaðan í KR virðist sprungin. Það mætti vera hjólabrettagarður, sem væri um leið samkomustaður fyrir börn og unglíng í hverfinu, myndi hvetja þau til að vera úti í staðinn fyrir að hanga inni í snjalltækjunum!




## 23. Hefur þú farið í sundlaug eða sundlaugar í Reykjavík á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	%
Já	1,672	73.1%
Nei	614	26.9%
Gild svör	2,286	100.0%
Svöruðu ekki	114	4.7%
Heildarfjöldi	2,400	100.0%



## 23. Hefur þú farið í sundlaug eða sundlaugar í Reykjavík á síðustu 12 mánuðum?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 23. Hefur þú farið í sundlaug eða sundlaugar í Reykjavík á síðustu 12 mánuðum?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 23. Hefur þú farið í sundlaug eða sundlaugar í Reykjavík á síðustu 12 mánuðum?




Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 24. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sundlaug/sundlaugar Reykjavíkur?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	857	40,9%
Frekar ánægð(ur) (4)	943	45,0%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) (3)	238	11,4%
Frekar óánægð(ur) (2)	36	1,7%
Mjög óánægð(ur) (1)	19	0,9%
Gild svör	2.094	100,0%
Hef aldrei farið í sundlaug í Reykjavík	52	2,2%
Veit ekki/Vil ekki svara	132	5,5%
Svöruðu ekki	121	5,0%
Heildarfjöldi	2.400	100,0%




Meðaltal: 4,23  
 Vikmörk (±): 0,03  
 Staðalfrávik: 0,78




Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti valmöguleikinn fær gildið 5, neðsti valmöguleikinn gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Árið 2017 fengu aðeins þeir sem höfðu farið í sund sl. 12 mánuði spurninguna.






## 24. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sundlaug/sundlaugar Reykjavíkur?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 24. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sundlaug/sundlaugar Reykjavíkur?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 24. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með sundlaug/sundlaugar Reykjavíkur?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### ÁRBÆR

- Nei (18 sem nefndu það).
- Kalda potta (6 sem nefndu það).
- Veit ekki (6 sem nefndu það).
- Þrif (4 sem nefndu það).
- Kaldan pott í Árbæjarlaug (3 sem nefndu það).
- Lækka verð (2 sem nefndu það).
- Alltaf hægt að gera betur hvað hreinlæti varðar.
- Árbæjarlaug mætti vera 50m.
- Árbæjarlaugin er orðin mjög sóðaleg. Hún er illa þrifinn bæði í búningklefum dömu og svo eru heitu pottarnir með skítarönd.
- Bæta handrið beggja veggja á leið út í laugina, þannig að fatlaðir eða aldraðir eigi auðveldara að koma sér sjálf ofan í eða upp úr.
- Bæta leikföngum, tækjum í sundlaugina í Árbæjantar útisundlaug fyrir börn að leika sér.
- Barnvæna innilaug í Laugardalslaug.
- Beið eftir köldum potti ég mundi vilja saltpott en skrepp bara í Laugardalinn til að njóta.
- Betra aðgengi fyrir íþróttafélögin og æfingar barna.
- Betri möguleika á að synða.
- Betri nuddpotta og sjópott.
- Betri stjórnun, ITR er slæmur vinnustaður.
- Þjóða upp að kalda potta alls staðar. Stilla þarf hitastigið betur í Árbæjarlaug, oftast of heit/ójafnvægi þar sem synt er og vantar kaldan pott.
- Búin að svara því.
- Cleaning the pools more often.
- Eftirlit með „böðum“ þegar fólk fer ofan í. Alltof margir sem þrifa sig ekki, ungar stúlkur og erlendar. Alltof oft sem starfsfólk sést ekki í búningklefum.
- Ég fer mest í Árbæjarlaug og sakna kalda pottsins sem ég hélt að hefði verið kosið í Betri Reykjavík 2016! Eins var búð að setja pening í að ganga frá aðgengi að stra ndblaksvöllu num en ekkert gerist ár eftir ár.
- Ekki hvað mig varðar.
- Endurnýja íta kt við laugar í öðrum sveitarfélögum.
- Fá kalt kar í Árbæjarlaug.
- Fleiri kalda potta og mætti bæta við saunu (ekki eimbað).
- Fleiri leikföng í boði fyrir börnin og betra eftirlit með ónýtum og hættulegum kútum.
- Fleiri potta.
- Framkoma starfsfólks við yngri börn í skólasundi, alltof mikið talað niður til þeirra og hreytt í þau af engri ástæðu, ekki eins og þau hafi verið að gera eitthvað af sér skinnin, búin að stunda sund í mörg ár og þetta er nánast án undantekninga að heyra svona hreytingu að ástæðulausu.
- Fyrir 2 árum voru íbúa kosningar og kaldur pottur átti að koma í Árbæjarlaug samkvæmt úrlitum kosninga en hvað hefur gerst ekkert. Einnig almennt viðhald og þrif eru mjög léleg sem er svo sorglegt þar sem laugin er frábær.
- Hafafjölskylduklefa.
- Hafakaldan pott og sauna í öllum laugum.
- Hafalægra gjald fyrir alla.
- Hafameiri aðgengi að klefum fyrir þá sem eru með sérþarfir. Hef margoft farið með son minn sem er 7 ára, og hann má því ekki fara með mér í kvennaklefan. Starfsmenn vírðast oft mjög illa upplýstir um sérklefana. Reyna að fá mig til að senda son minn einan í karlaklefan, eitthvað sem hann getur ekki gert vegna sinna fatlana.
- Hreinlæti í kvennaklefa og huga að hitastigi sundlaugar miðað við hitastig úti.
- Hreinlæti.
- Hreinlæti.
- Já, benda útlendingum á að fara í sturtu áður.
- Já, fá sundlaug í mið hverfi sem er 113 Reykjavík.
- Já, það mætti vera kaldur pottur.
- Já, verðið dýrt.
- Já, viðhalda mætti vera miklu, miklu meira og þrif Árbæjarlaugar þurfa að vera miklu meiri og betri.
- Kaldan pott í Árbæjarn. Betri rennibrautir fyrir börn. Bæta hreinlæti í klefum.
- Kaldan pott í Árbæjarlaug, sem er búð að lofa fyrir löngu síðan - skortir bara framkvæmdina.
- Kaldur pottur í Árbæjarlaug. Þarf að fara að þrifa útveggi áður en þeir skemmast meir.
- Kalt ker í Árbæjarlaug.
- Meira af köldum pottum.
- Meira pláss fyrir einstaklinga í lauginni.
- Minnka gjaldið.
- Námskeið fyrir vntshredd börn.



## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### ÁRBÆR - FRAMHALD

- Nánast aldrei stafsólk í búningklefum í Árbæjarlaug (börn sem fara ein í klefa geta ekki leitað á ákveðinn stað til að fá hjálp því það er aldrei neinn í þessu stafsmanahorni) og þeir oft frekar skítugir m.v. aðrar laugar sem við sækjum.
- Nei, ekki í mínu hverfi, en í öðrum hverfum mætti fara að skipta um flísar.
- Nei, held ekki.
- Of lítil búningaástaða í Breiðholtslaug vegna líkamsræktarstöðvar (samnýtt). Einnig vantar sjúkrarými /herbergi í Breiðholtslaug þar sem hægt er að sinna slösuðum /veikum.
- Ókeypi fyrir börn til 10-12 ára. Of dýrt í sundalmennt.
- Opnunartíma um helgar fyrir á morgnanna.
- Opnunartíma. hafa þá lengri.
- Passa viðhaldið.
- Privacy in the changing area.
- Reka fólk til að þvo sér áður en farið er í laugina.
- Saltpottar víðar.
- Setja kalda pottinn upp.
- Ská þar óþægilegir og litlir og mætti vera köld ker oftar.
- Ske mmtilegri og fleiri rennibrautir.
- Það er gott að líta á sundlaugarnar sem afþreyingu og aðráttarafi fyrir innlenda og erlenda gesti. Höldum áfram að bæta sundlaugarnar og gera þær stórkostlegar.
- Það mætti sinna almennu viðhaldi betur. Einnig vantar kalda pottinn í Árbæjarlaugina sem búið var að lofa fyrir kosningar.
- Það þarf að bæta klefana í Breiðholti.
- Þarf að taka aftur upp að í búningklefum séu sturtuverðir sem passa upp á að fólk þvoi sér áður en farið er í laugina.
- Þrif á laugum.
- Þrif í fataklefum og á salernum.
- Þrif og gæsla í klefa.
- Þrif þar sem aðstaðan er til að þurrka sér og vantar kalda pottinn.
- Þrifin - ansi oft skítugt í búningklefanum og sturtunni. Mætti vera meira eftirlit í búningklefanum - yfirlitt enginn á vakt þar (Árbæjarlaug) og því er umgengni sumra ansi slæm vatn um allt - og sóðaleg umgengni. Þar að laga klósettin - alltaf hlandlykt á þeim og skápana margir læsast ekki.

- Ungbarnaskiptiaðstöðu í allar laugar.
- Vantar iðulega stæði við sundlaugarnar, ítrekað mjög erfitt að fá stæði við Árbæjarlaug þar sem Íþróttafélagið nýtir sama svæðið og því erfitt ef viðburðir eru á vellinum eða í húsinu að fá stæði ef maður fer í sund.
- Vantar kaldan pott í Árbæjarlaug.
- Vera ódýrari.
- Við erum enn að bíða eftir köldu kári í Árbæjarlaug, stundum finnst mér eins og það vanti fleira starfsfólk á vaktir þegar mikið álag er á sundlaugunum. Starfsfólk nær ekki að halda klefunum snyrtilegum.
- Zaka z przychodzenia na basen w celu wziecia prysznicia i ogolenia sie.



## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### BREIÐHOLT

- Nei (9 sem nefndu það).
- Lækka verðið (4 sem nefndu það).
- Veit ekki (4 sem nefndu það).
- Kalðanpott (3 sem nefndu það).
- Að fólkið sem á að sjá um hreinlæti í sundlaugum geri það!
- Að líkamsræktarstöðin World Class skuli vera í sundlauginni minni.
- Aðallega endurnýja.
- Aðstaða fyrir fatlaða einstaklinga, sér klefa þar sem aðstoðarmenn geti verið með þeim sem þurfa hjálp.
- Alltof dýrt í sund.
- Árbæjarlaug sæki ég daglega, því miður er hún mjög sýðaleg, veggir sundlaugar og veggir potta þarf að skrúbbra rækilega ásamt sundlaugarbotni sem má þrifa oftar.
- Baðverðir verða að vinna þá vinnu að viðhafa virkt eftirlit með að útlendingar þvo sér. Er hætt að geta stundað upphaldslaugar vegna þessa sóðaskapar erlends fólks.
- Bæta aðstöðu í búningaklefum í Laugardalslaug, s.s. snyrtiaðstöðu.
- Berta eftirlit með hreinlæti ferðamanna.
- Betri klefa svo maður gæti a thafna sig betur með börnum sem þurfa aðstoðarmanna.
- Bjó lengst af í Vesturbænum (Litla Skerjafirði) og fór þá oft í Sundlaug Vesturbæjar, dóttir mín og fjölskylda býr nú í gamla húsinu okkar og lætur vel af aðstöðunni þarna, t.d. heitu pottunum.
- Breiðholtslaug orðin svolítið þreytt.
- Búin að bíða lengi eftir kalda pottinum sem er verið að setja upp núna þannig hefur ekkert útá neitt að setja þegar hann verður komin enda er Breiðholtslauginn mjög flott að öðru leiti.
- Búningaklefar Breiðholtslaugar hrikalega úr sér gengnir.
- Búningaklefar og aðstaða er víða þreytt.
- Eftirlit með almenningi boðun.
- Ég fer alltaf í Breiðholtslaugina. Mér finnst ekki nóg eftirlit með að þeir sem stunda World Class fari eftir reglum. Það er allgengt að þeir fari á skónum inn í búningaklefa beint af götunni.
- Ég veit ekki.
- Einhver líkamsræktartæki t.d. upphíngarstöng.
- Ekkert sem ég man.
- Ekkert sérstakt.
- Ekki hafa sundlaugar tengdar líkamsræktarstöðvum. Sundlaugar eru staður þar sem á að vera hægt að slaka á, en það er ekki hægt lengur vegna átroðnings líkamsræktarstöðvagesta.
- Endurnýja. Orðið ga malt.
- Engin sundlaug í mínu hverfi, 109. Það vantar sundlaug í seljahverfið þar sem krakka geta æft sund t.d. Alltof langt fyrir krakka að fara sjálf upp í Austurberg, því æfa nokkrir krakkar í Kópavogi þar sem það er styttra að fara, labbandi eða hjólandi. Væri hægt að nota Ölduselslaug en virðist ekki vera vilji til þess.
- Er ekki ánægð með Breiðholtslaug eftir að Word Class kom. Fer í Salalaug núna finnst hún frá bær og fá bær þjónusta.
- Fer alltaf yfir í næsta bæjarfélag í sund þar sem er boðið upp á frá bæra sundleikfimi fyrir alla.
- Fleiri heita potta í Breiðholtslaug.
- Frítt fyrir krakka væri frá bært.
- Hafa möguleika á að fara í lokaðan sturtuklefa og lokaðan fataklefa.
- Hálfkuvarnir.
- Hita laugarnar, erum ekki öll að keppa í sundi! Meira privat búningaástöðu og sturtur Fleiri laugar.
- Hreinlæti gesta.
- Hreinlæti, klefarnir eru frekar skítugir og það er vond lykt í þeim.
- Hreinlæti.
- Í Breiðholtslaug er peningasóun í gangi það er verið að græja kalðanpott fyrir 4 milljónir potturinn kostar 200 þús. og svo má setja sturtur inn í rými sem er fyrir framan gufubað 15 m<sup>2</sup> það er eitthvað að í stjórnun þarna fólkið vill öflugri nudd stúta í stóra pottinn ég nota laugina 5x í viku og hitti mikið affólki þarna.
- Já, að einhver sjái til þessa að fólk þrifi sig áður en farið er út í laug.
- Kalda potta og heita potta, hlið við hlið helst innandyra eða í skjóli frá vind og klaka.
- Kalðanpott í Breiðholtslaug - en hann er víst að koma.
- Kostar of mikið að fara í sund.
- Láta útlendinga þvo sér áður en þeir fara út í laug. Starfsmenn hvergi sjáanlegir.
- Laugardalslaug er orðin svolítið lúin.
- Lengri opnunartíma.
- Lengri opnunartímar. Helst til miðnætis ef ekki lengur.



## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### BREIÐHOLT - FRAMHALD

- Mætti kannski aðeins bæta þrif í sturtuklefum/þurrkunarvæðum. Annað mjög gott og til fyrirmyndar.
- Mér finnst vanta sundlaug til að labba í, va tñ náia ð öxlum, betra að hafa hanni inni, allavega að vetri num. Það hentar mjög vel fyrir fólk sem er með stoðkerfisvanda og mikla slitigt.
- Mjög ánægð með Breiðhóltslaug og dásamlegt starfsfólk.
- Nei. Breiðhóltslaugin stendur undir væntingum.
- Nýja rennibraut (lokaða).
- Of dýrt.
- Opna fyrir almenning í skólasundlauginni við Ölduselsskóla og bæta við heitum pottum. Hægt væri að t.d. bara hafa opið á kvöldin og um helgar.
- Opna kl. 6:00.
- Opnunartími á kvöldin um helgar mætti vera meiri allt árið. Þrif í búningsklefum má bæta svo og aðstöðuna (salernisaðstaða í Breiðhóltslaug). En annars má benda á að Breiðhóltslaug hefur staðið sig vel undanfarið en það má ávallt bæta hluti :).
- Persónuupplýsingar sem birtast á skjá við aðgangshlið sundlauga og ókunnugt fólk getur séð.
- Rafræn a rmbönd eins og í Laugardal í allar laugar.
- Sér klefa fyrir önnur kyn en bara tvö, heldur fyrir þrjú eða fleiri.
- Setja hita í stéttir því það er ekki gott að labba á salti í breiðhóltslaug.
- Stunda ekki sundlaugar.
- Sundlaugaverðir verða að vera til staðar í búningsklefum. Eftir að World Class kom í Breiðhóltslaug þá hefur símanotkun í klefum aukist. Lítið er tekið á þeim málum. Eins þarf að skerpa á því að allir þvo sér á sundfata eða þrifi sig yfirleitt.
- Taka world class frá sundlaugunum. Þetta fyrirtæki á ekki heima nálægt borgarmannvi rkjum.
- Það ætti að banna myndatökur í búningsklefum (sundlaugarverðir virðast ekki eða vilja ekki taka eftir þeim).
- Það þarf að viðhalda betur nuttpottinum í Breiðhóltslauginni. Þrýstingurinn í stútunum oft of línir. Þarf einnig að sinna betur almennu viðhaldi þar og setja upp kalda potta.
- Þar sem líkamsræktarstöð er sambyggð sundlaug sbr. í Breiðholti, mæta gestirnir úr World Class í sömu fötum út í laug og þau æfa í. Það er viðbjóður.
- Þrifa þær betur, laga strax þegar flísar eða annað brotnar upp úr laugum, koma í veg fyrir slýs/óhöpp.
- Vantar kaldan pott.
- Vantar stóra og skemmtilega innilaug, sérstaklega fyrir litlu krílin. Keyri oftast uppi ha fnafjörð til að fara í sund. Þau eru með æðislega innilaug, einnig í Keflavík.
- Vantnið í lendingarlaugum rennibrauta er of kalt. Hljómar fáránlega en vantnið í lendingarlaugum í Kópavogi og Mosfellsbæ er mikið heitara og þægilegra. Ég myndi s para mér margra kílómetra akstur ef sundlaugarnar í nágrenninu væru þægilegri fyrir foreldra ungra barna.
- Veit ekki hef lítið notað sundlaugarnar kannski á næsta ári fæ þá frítt.
- Veit ekki, sæki ekki undaðstöðu í Mánuhverfi því sundlaug vantar þar.
- Viðhald, umhirða.



## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### GRAFARHOLT / ÚLFARSÁRDALUR

- Nei (20 sem nefndu það).
- Hreinlæti (3 sem nefndu það).
- Vantar Sundlaug í Grafarholt (5 sem nefndu það).
- Of dýrt (2 sem nefndu það).
- Vantar sundlaug í 113 Rvk (2 sem nefndu það).
- Vantar sundlaug (2 sem nefndu það).
- Aðgengi fyrir hjólastóla og fa tlaða.
- Ánægð með lengri opnunartíma í Grafarvogi.
- Bæta lýsingu við suma útipotta.
- Bæta lýsinguna. Gera notalegra, til að bæta slökun.
- Bæta við sundlaug í Grafarholt.
- Bæta við sundlaug í Grafarholt. Fleiri útiklefa.
- Bara fá sundlaug.
- Byggja eina í Úlfarsárdalnum væri byrjun svo börnin okkar þurfi ekki að fara í önnur sveitafélög í skólasund.
- Byggja sundlaug í Grafarholti.
- Byggja sundlaug í hverfinu.
- Eftirfylgni með því að túri star þvöi sér í sturtu. Það væri góð viðbót við þjónustu sundlauganna að auglýsa óskilamuni á t.d. facebook síðu eða annarsstaða r. Það myndi léttu undir með foreldrum í leitinni að fötum barnanna. Auðvelt og ódýrt í framkvæmd og sparar örugglega peninga fyrir fólk sem þarf þá ekki að kaupa nýtt.
- Ég fer í sund í Mosfellsbæ.
- Ég myndi vilja fá sundlaug í Grafarholt.
- Er ekki sundlaug í mínu hverfi.
- Er engin sundlaug í hverfinu.
- Fækka fólki.
- Fjölskyldu kort fórum 5 manna fjölskylda ca. 5 x í viku sund vil sjá fjölskyldukort líkt og í hús dýragarðinn.
- Framkvæma löngu gefið loforð um sundlaug í hverfinu mínu.
- Frekar dýrt með mörg börn.
- Grafarvogslaug er góð. Barnafólki finnst vantar meiri afþreyingu fyrir börn. Væri flott að fá saunu.
- Grafarvogslaug frábær, vantar útiskýli.
- Ha fa 1 stóra sundlaug í Reykjavík með mörgum vatnsrennubrautum þ.e. svokallaður vatnsrennubrautagarður. T.d. í Vatnsmýrinni.
- Ha fa opið fram eftir kvöldi.
- Hreinlæti í sturtum og klefum, verðin eru mjög há.
- Í fyrsta lagi er ENGIN sundlaug í mínu hverfi. Allt of lítið eftirlit með útlendingum sem þvo sér lítið og fara í sturtu í sundfötunum áður en farið er út í laugina.
- Já, vantar sundlaug í Grafarholt og íþróttahús og eins er rosalega dýrt í sund.
- Já. aðallega að stútar í nuddpottum eru ansi slappir víða. Annars dýrka ég sundlaugarnar okkar.
- Já. Víða hanga uppi ókurteis tilmæli t.d. í Grafarholti þar sem hótað er brottrekstri ef maður þvær sér ekki, í stað þessa að skrifa það á kurteis an hátt. Einnig vantar víða upplýsingar á erlendum tungumálum. Víða eru inngangar druslulegir með fjöldann allan af lausum blöðum uppi á veggjum. Flest starfsfólk er mjög kurteist og hjálplegt.
- Klára sundlaug í Úlfarsdal.
- Klára sundlaugina í Grafarholti.
- Köldum potti er búið að lofa í Austurbergi í mörg ár en endalaust svikið í anda meirihlutans.
- Lækka verðið og minnka klórnotkun.
- Laga verð. Of hátt verð fyrir fullorðna. Mætti vera frítt fyrir 18 ára og yngri.
- Lengri opnunartíma um helgar.
- Mætti koma sundlaug í mitt hverfi og það mætti vera frítt í sund fyrir 16 ára og yngri.
- Meira eftirlit með að fólk fari í sturtu fyrir sund.
- Meiri aðskilnað frá æfinga og keppnisfólki þannig að almenningur komist að til þess að syna.
- Meiri gæsla að fólk fari í sturtu svo vantar sundlaug í mitt hverfi.
- Mjög léleg eftirfylgni með þvotti án sundfata.
- Mónitor hitann betur, þær eru sumar of kaldar (árþæjarlaug) og svo má alveg minnka klór magnið!
- Ódýrara gjald takk.
- Ókeypisi sund fyrir börn lengur.
- Opnunartími.
- Sauna í allar laugar.
- Setja klukkur við köldu pottana þannig að gestir geti fylgst með þeim tíma sem þeir eru í kalda pottinum.
- Snaga á WC og léttari hurða opnun í Grafarvogssundlaug. Mjög hrein laug og sturtur.





## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### GRAFARHOLT / ÚLFARSÁRDALUR - FRAMHALD

- Reglur um rennibrautir, forðuðumst sundlaugar RVK með eldri son okkar þar til hann loks náði aldri því það var svo sárt fyrir hann að fá ekki að renna sér eins og eldri krakkarnir. Fórum í staðin í Lágafellslaug í Mosfellsbæ þar sem hann mátti fara með fullorðnum, rennibrautirnar þar voru lykilþáttur í að aðstoða hann við að losna við vatnshræðsluna sem hann fæddist með. En eftir að hann var búinn að prufa þar og hættur að vera hræddur þá þýddi ekki lengur að fara í Sund í Reykjavík því hann skildi ekki af hverju hann mátti ekki renna sér þar.
- Starfsfólk sem gætir að því að gestir þvo sér áður en það fer í laugina, og að ekki séu notaðir símar inni þar sem farið er úr fötum áður en farið er í sturtu.
- Stunda mest Árbæjarlaug, þar sem hún er næst mínu heimahverfi. Þar má fara laga til. Skápanir eru fáránlega litlir og varla hægt að koma þar sundtösku í skápinn. Það má skipta út skápum þar. Gólfín í kvennaklefanum eru alltaf eins og þau séu skítug. Hvítar flísar eru brúnar og maður fær endalausar sveppasýkingar á fætur. Það má þrifa þar betur. Starfsfólk sést ekki í faðaklefum nema að litlu leiti. Þar hanga gestir jafnvel í símum (oftast er það fullorðna fólk), og ef maður kvartar í starfsfólki þá er bara sagt ohh. Svo má starfsfólk þar líka vera brosmildara og vera þjónustulundaðara.
- Sundlaug í hverfið!
- Sundlaugarnar eldast illa. Laug í Grafarvogi, Árbæ og Breiðholti eru orðnar mjög þreyttar.
- Sundlaugin er í byggingu.
- Sundlaugin í mínu hverfi er ekki tilbúin en ég vona að hún verði opin almenningi á kvöldin en ekki eingöngu notuð sem kennslulaug.
- Sundlauginn alveg til fyrirmyndar.
- Það engin sundlaug í mínu hverfi, eina sem almennt mætti bæta væri að lengja opnunartíma um helgar en það hefur þó batnað í flestum laugum.
- Það er ekki enn þá komin sundlaug í mínu hverfi, svo ég hef verið að fara í sundlaugina í Mosó þar sem hún er miklu skemmtilegri laug en þær laugar sem eru næstar okkur (Árbær og Grafarvogur).
- Það er ekki sundlaug í Grafarholti. Það er ekki margt í göngufæri frá heimili mínu.
- Það er ekki sundlaug í mínu hverfi. Ég fer í Mosfellsbæ Lágafellslaug þar er líka World Class.
- Það er engin sundlaug í Grafarholti, átti að koma 2008 en er ekki enn komin. Finnst að það ætti að setja þetta ofarlega í forgangsröðina. Ég vin til að mynda niðri í bæ og sé hversu hratt uppbyggingin gengur hér, og hversu rosalega hægt hún gengur í hverfinu mínu.
- Það er sameiginlegt með þeim sundlaugum sem ég stunda að það þarf að þrifa miklu betur mjög áhugalaust starfsfólk.
- Það mætti bara vera sundlaug. Sundlaugin í Laugardal er mjög skítug og heilu hárflygsurnar í þeirri laug. Starfsfólk nennir ekki að segja útflendingum að fara í sturtu og gerir ekki athugasemdir þó þau fari í laugina í fötum!
- Það þarf að bæta henni við.
- Það þarf að menna laugarnar betur, það þarf að vera stanslaus viðvera í búningsherbergjum til að sjá til þessa að fólk þvo sér áður en farið er ofan í. Ég fer oft í sund svo ég verð mikið vör við þetta, oftast útflendingar en ég verð alveg vör við íslendinga sem ekki þvo sér líka, mæta í sundfötunum í sturtuna og sumir hverjir hlaupa undir sturtuna til málamynda svo það líti út eins og þeir hafi þvegið sér. Einnig er alltof algengt að fólk taki upp símana sína í búningaklefunum og sé jafnvel að taka af sér selfies. Margir bregðast illa við ábendingum um að setja símana niður, svara oft með; „Já, en ég er bara að senda sms/ hringja“ og þá er yfirhöfuð enginn starfsmaður sjáanlegur til að hægst sé að tilkynna þetta.
- Það vantar sárlega aukna áherslu á innilaugasvæði fyrir börn, sbr. Ásvallalaug og Vatnaveröld í Reykjanesbæ. Við fjölskyldum fórum 3-4x í mánuði í Ásvallalaugen búum í Grafarholti. Það er engin önnur laug sem kemst nálægt henni í gæðum fyrir litla krakka þegar kalt er í veðri, sem er nánast alltaf.
- Það vantar sundlaug í Grafarholt.
- Það vantar sundlaug í Grafarholtið.
- Það vantar sundlaug í mitt hverfi. nota Grafarvogslaug og er hún mjög góð. Enn betri er þó sundlauginn í Mosfellsbæ í lágfelli sem ég nýti mér mikið.
- Það var mjög gott þegar opnunartími var lengdur.
- Þarf að byggja.
- Þekki ekki til.
- Þrif eru léleg, eftirlit með sundlaugargestum ekki neitt, fólk kemst upp með að sleppa sturtu fyrir laugarferð. Það er góð leið til að fá fótisveppi að fara í sund.
- Þrifnaður á gólfum í nna sturtuklefa.
- Þyrfti að opna sundlaug.
- Umhirda og viðhald.
- Ungbarnaaðstöðu sums staðar.
- Vantar sundlaug í mínu hverfi.
- Veit ekki.
- Verðið.



## Sp. 25. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í sundlaugum Reykjavíkur eða sundlaug(um) í þínu hverfi?

### GRAFARVOGUR

- Nei (19 sem nefndu það).
- Veit ekki (2 sem nefndu það).
- Aðstaða fyrir fólk með ungbörn líkt og er í Árbæjarlaug.
- Garðurinn var farinn að vera mjög sjúkaður en virðist vera í endurreisn undanfarið. Allt á réttari leið.
- Gera breytingu á uppsetningu garðsins svo hann sé ekki eins óaðlaðandi eins og hann er búinn að vera síðustu 15 árin.
- Gera garðana meira spennandi, fleiri tæki fyrir börn til að leika sér í, fleiri viðburði, aðeins meira sem hægt er að sjá og upplifa þar.
- Gera hann meira aðlaðandi með fleiri dýrum, fleiri uppákomum og betri veitingaþjónustu.
- Gera hann meira aðlaðandi, endurnýja tækjakost og svo mætti hann vera með skýrari og meira áberandi stefnu og hlutverk í lífi borgarbúa. Það er skítandi að við sem eigum 3 börn förungum ná nast aldrei þangað...
- Góð veitingarþjónusta og holl.
- Hafa meira í boði fyrir yngsta aldurshópinn.
- Hafa tækin í lagi.
- Halda áfram á sömu braut, alltaf má gera betur þó gott sé.
- Halda leiktækjum betur við - fjölga starfsfólki - fleiri ruslatunnur -.
- Hann er að daprast. Þarf að bæta þar aðstöðu.
- Hann er orðinn frekar óþrifalegur og hálf slappur. Hann virðist nokkuð afskiptur. Eins og hugsjónin við að halda honum við og að hafa hann á hugaverðan sé þrotin.
- Hann er orðinn mjög daðurlegur, þarf að gera meira fyrir hann, viðburði, fjölskyldudaga o.s.frv.
- Hann var í smá niðurníðslu síðast þegar ég fór og eins og starfsfólkinu þætti ekki gaman í vinnunni.

- Hef ekki farið þangað nýlega en mætti örugglega snyrta lóðina og hressa upp á aðstöðu fyrir dýr og börn.
- Hef heyrt að tækjum sé ekki haldið við og allt sé að grotna niður líkt og fleira í þessari illa stjórnun borg.
- Heimsóknin mætti vera heildstæðari upplifun, dýr, landslag og skemmtun. Frekar slitrótt eins og er. Svo er veitingasalan alveg glötuð. Mætti vera hollari kostir og meira í umhverfið lagt.
- Helst er það gæskíturinn sem fer í taugarnar á mér, einkum á gangstígum, en ég veit að erfitt hlýtur að vera að ráða bót á slíku.
- Hoppudýnan er mjög vinsæl, allt mjög leitt þegar hún er lokuð. Væri ráð að hafa dýnuna yfirbyggða þegar rignir, og það rignir mikið.
- Hreinsa laust rusl.
- Huggulegra að borða þar og jafnvel gosbrunnasvæði sem hægt er að kveikja á og leyfa krökkum að leika þegar veður er gott, buslað.
- Húsakynni veitingaaðstöðunar mættu vera stærrri og betri.
- Húsdýragarðurinn er finnr, en fjölskyldugarður er og hefur alltaf verið illa hirtur og vantar mikið viðhald þar.
- Húsdýragarðurinn er mjög finnr eins og hann er. Það sem má bæta er almennt viðhald en það er þó með betra móti núna.
- Húsum og öðru er illa viðhaldið og allt virðist vera að grotna niður. Starfsfólksérstaklega á sumrin er ólíklegt og ókurteis líka við börnin. Virðist dauðleiddast í vinnu og þá bitnar á börnum! Öllum peningum eytt í dýrt drasl tæki þegar frekar ætti að leggja á herslu á hluti eins og sull svæðið og aðstöðu dýrnanna.
- Já, að tækin séu í lagi þegar garðurinn er opinn, einnig að látið sé vita munnlega þegar aðgöngukort er keypt er keypt að tækin séu biluð.
- Já, ég er óánægð með leiktækin inn um dýrin. Börnin vilja frekar fara í þessi tæki en fylgjast með dýrunum og svo er þetta dýrt. Ég þekki þetta ekki í dýra gördum erlendis sem ég hef farið í.
- Já, garðurinn hefur dalað mikið og er kominn tími á almennt viðhald sérstaklega dýra megin, sorglega ókoma síðasta sumar en gaman að sjá endurnýjum í Fjölskyldugarðinum.
- Já, laga tæki sem eru biluð.
- Já, mér finnst hann frekar þreyttur. Það má fara laga grindverk og mála og gera huggulegt þar í kring. Eins að mála eða olúbera húsin aftur. Almennt þarf garðurinn meiri umhyggju og viðhald.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### VIÐBÆTUR / ENDURBÆTUR- FRAMHALD

- Já, mér finnst húsdýragarðurinn hafa möguleikann á því að vera ein helsta fjölskylduþerla Reykjavíkur og alltaf þegar ég fer þangað, óska ég þess að það væri meira byggt á svæðinu á frýmum þar sem fjölskyldan getur leyst þrautir eða gert eitthvað meira saman, t.a.m. eitthvað í líkingu sem var þar áður (það var hrörlegt tjald sem hýsti alls kyns fiska og þar voru einhverjar þrautir). Ég myndi helst af öllu vilja byggja barnamenningshús en fyrst það er ekki til, væri að minnsta kosti hægt að fjölga rýmum í garðinum þar sem er fjallað um vísindi og gera það skemmtilegt, sjónrænt og þátttökuvænt. Þá myndi ég vilja rými (úti eða inni) tileinkað alls kyns áhugaverðum hljóðfærum sem ég hef séð í alls kyns almenningsgörðum erlendis, þá eru það ekki týpísk hljóðfæri, heldur hljóðfæri sem hægt er að stíga á til að búa til hljóð, eða blása á, eða þvíúmlíkt. Ég myndi hafa annað rými sem léki á skynfæri okkar og annað rými þar sem krakkarnir geta notað alls kyns efnivið (náttúrulegan eða nota efnivið sem þau gætu endurunnið) til að byggja eitthvað á hugavert; tréklumpa til að byggja virki eða þvíúmlíkt og svampa eða lego kubba til að gera það sama. Ég hef svo margar hugmyndir og vildi svo óska þess að það væri meira að gera þarna fyrir alla fjölskylduna. Maður er alltaf að fara á sömu staðina með börnin (ég held alveg mánaðarlega í þennan garð) og maður verður þreyttur á tilbreytingaleysisinu á veturna. Þó svo að útileiksvæðið sé frábært í garðinum, þá nennir maður kannski ekki þegar viðrar illa og þá er ekki húsdýrhlutinn nóg ef maður er búinn að sjá hann milljón sinnum. Svo finnst mér að það ætti að vera mun ódýrara í húsdýragarðinn, þetta á ekki að kosta fjölskylduna morðfjár að fara í aðal fjölskyldugarð Reykjavíkur. Þetta á að vera sport sem allar fjölskyldur hafa efni á.
- Já, það þarf að passa upp á að öll tæki virka og að bæta við t.d. bílum og bátum ef það er margt fólk í garðinum. Fórum til dæmis í fyrri sumar og það var margt um manninn, mjög löng röð í umferðarskólann og bara einn bíll sem virkaði.
- Kaffi- og mataraðstöðu. Hún er almennt til skammar að mínu mati. Djúpsteikt óhollusta og vont kaffi. Það hreinlega sárvarntar lítið kaffihús sem selur gott kaffi og huggulegt með læti. Aldeilis væri hægt að plokka einhverja peninga afforeldrum sem ráfa stefnulaust um á meðan krakkarnir leika.
- Kaffihúsið - lítið af borðum.
- Kaffihúsið er galegt.
- Kaffihúsið.
- Kaffisalan er í húsnæði að niðurlotum komið. Tjaldið hum hum það mætti nú bara brenna það. hringkjuna og járnbrautalestina mætti flytja yfir í hinn endarnir mætti fara á hestbakmið meira. Fjölga bara hrossunum.

- Kannski betri veitingar, ásamt smá „kennslu“ fyrir börn um íslenskar hefðir í mat.
- Kannski hollari mat á kaffihúsið og mega gott kaffi fyrir fullorðna.
- Klára framkvæmdir sem eru í gangi.
- Komið er að viðhaldi á MJÖG mörgu í garðinum. Tjörnin hjá leiktækjum er hreinlega ógeðsleg. Virkilega fallegur garður og skemmtilegur að heimsækja en vantar á nefa meira fjármagn til að sinna viðhaldi og endurbætum.
- Komið er tíma á allsherjar yfirhalingu.
- Kvímyndasalur með risaskjá sem sýnir eingöngu fróðlegar heimildarmyndir úr jurta- og dýralífi heimsins. Ókeypis aðgangur.
- Laga allt. Húsnæði og leiktæki eru úr sér gengin. Þarf að mála og laga hús og girðingar. Það er risa svið í garðinum sem aldrei er notað. Tjörnin er viðbjóðslega skítug og þetta er allt hlutir sem ekki er erfitt að laga.
- Laga tæki fyrir börn.
- Laga til, laga brotin grindverk.
- Laupa upp á hann og efla viðhald á húsnæðum og umhverfi. Þá finnst mér svæðið sem tekur á móti gestum garðsins illa nýtt. Það eru fá dýr sem taka á móti manni um leið og maður gengur inn í garðinn en ef ekki dýr þá mætti vera eitthvað annað sem tekur á móti manni þannig að upplifunin að maður sé kominn í dýragarð sé meiri og ýti undir eftirvæntingu barna.
- Leiktæki og passa að þessi frábæri staður drabbist ekki niður. Mættu vera fleiri viðburðir.
- Leiktækin eru orðin mjög þreytt.
- Lestin mætti ganga örar. Það myndast gjarnan langar raðir í lestina sem gengur mjög sjaldan á hverjum klukkutíma þar sem starfsmenn þurfa að fá 10 - 15 pásur á milli þess sem þeir keyra í 5 mínútur.
- Mætti bæta matarsölu í sjoppunni.
- Mætti nýta betur fyrir börn með sérþarfir til að styrkja sjálfsmat þeirra með aðstoð dýranna.
- Mætti setja fleiri lítil tæki.
- Mætti vera fleiri og oftar afþreying fyrir börn.
- Mætti vera huggulegri aðstaða til að njóta veitinga og inniveru á milli þess sem dýrin eru heimsótt.
- Mætti vera meira af áningarstöðum - svo hægt sé að setjast niður og borða nesti sem maður kæmi með sér.
- Mætti vera meira eins og lífandi bóndabýli.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### VIÐBÆTUR / ENDURBÆTUR- FRAMHALD

- Mætti vera meira í boði fyrir unglinga.
- Mætti vera meira viðhald á aðbúnaði og fræðsla fyrir gesti.
- Margt komið til ára sinna, sérstaklega húsdýragarðs megin. Má alveg fara að hressa upp á garðinn.
- Margt orðið frekar sloj, meira viðhald.
- Margt orðið úr sér gengið og druslulegt. Til dæmis hús við hliðina á fuglahúsinu.
- Meiri fjölbreytni dagskrárliða og leggja meiri áherslu á „mennska“ fræðslu í staðinn fyrir upplýsingaskilti.
- Meiri fjölbreytni og stækka.
- Meiri fræðslu um innlenda landbúnað og bændur.
- Mér finnst ekkert hafa breyst í garðinum síðastliðin ár. Við keyptum fjölskyldukort nokkur ár í röð. En hættum því þar sem börnin eru orðin það gömul og eins var þetta orðið dálítið þreytt.
- Mér hefur fundist Fjölskyldugarðurinn oft subbulegur þegar ég hef farið þangað enda oft framkvæmdir í gangi en engu að síður subbulegur, t.d. í kríngum og tnið í honum.
- More educational interaction. Change it up because it is always the same.
- More heated indoor places for case if bad weather. Indoor playground for children, large warm greenhouse with exotic plants for everyone.
- Mörg leiktæki voru orðin ansi þreytt, ýmislegt hefur verið lagfært undanfarið. Halda því áfram.
- Mörg tæki léleg en hefur þó batnað.
- Mörg tækin orðin þreytt.
- Nei, ekki sem ég man eftir – e.t.v. viðhald tækja sem mætti vera betra.
- Nesti og grillaðstaðan er orðin svolítið lúin.
- Nokkur tæki voru ekki í notkun/biluð og börnin óánægð með það.
- Öra viðhald almennt.
- Orðinn lúinn en þó einhverjar framkvæmdir í sumar...
- Ruslatunnur.
- Salerni mættu vera fleiri.
- Salernisaðstöðu og fleiri borð og stóla.
- Sei nagangur með viðgerðir og sumaropnunartíma mætti lengja (vor-haust).
- Setja upp tæki tengd tækni, e.k. tæknisafn til að auka áhuga barna. Hafa tæki sem örva hugmyndaflug - sköpun.

- Síðast þegar ég fór voru tækin orðin svolítið döpur og fá... en það er nokkuð langt síðan.
- Sinna viðhaldi!
- Slíkir garðar þurfa að vera í stöðugu viðhaldi (endurnýjum). Því miður var hann látinn drafbast og því minna áhugaverður fyrir börnin í fjölskyldunni.
- Staðnað apparat og hugmyndasnautt. Alltaf það sama. Frekar horfa til eins og Tívólí í Köben. Þar eru þemadagar með mismunandi skreytingum og viðburðum sem myndi höfða miklu meira til mín og fjölskyldu minnar. Upplifunarsköpun.
- Stækka garðinn og vanda betur veitingaþjónustu, vinnalega umgjörð og samskipti.
- Stækka svæðið kannski með fleiri leiktæki.
- Stækka vísindahlutann og gera meira úr honum. Einnig að gera sædýrum hærra undir höfði. Gera glergöng þar sem hægt er að fara undir yfirborð.
- Stundum eru tæki biluð að því er virðist í lengri tíma. Mætti fjölga tækjum og auka fjölbreytni þeirra.
- Subbulegt, illa til haldið. Vantar ferskleika og gleði, meiri huggulegheit og gott kaffihús.
- Sum tæki mætti endurnýja eða taka úr umferð, áður en slys hlýst af.
- Svæði til að sitja og borða nesti eða vera með fjölbreyttari veitingaþjónustu.
- Tæki og aðstaða eru mörg orðin ansi lúin.
- Tæki sjúkasti niður, biluð eða lokuð. Okur gjaldtaka í garð og tækisemskattgreiðendur hafa þegar greitt fyrir og ætti því að vera gjaldfrjálst. Set líka spurningu við selina sem eru villt dýr og þess vegna óviðeigandi að halda þeim föngnum í smá sundlaugarkeri í húsdýragarði. Hið sama á við um önnur villt dýr þarna. Almennt sýnist mér vel hugsað um húsdýrin nema svínin sem vantar rými inni sem úti.
- Tækin eru orðin úrelt og litið spennandi og það er of dýrt í þau.
- Það er alltaf verið að bæta þar og gera gott.
- Það er kominn tími á að taka garðinn algjörlega í gegn. Hvort borgin geri það eða feli einkaaðilum er svo spurning. Borgin þarf sárlega á öflugum skemmtigarði að halda fyrir borgarbúa og erlenda ferðamenn. Það hljóta að vera tækifæri að gera miklu betur þarna og nútímavæða garðinn.
- Það er óhætt að stækka svæðið bæði leiktæki og fjölga dýra tegundum.
- Það er vel spilað úr því sem þar er. Ég myndi hvetja ykkur til að bæta Vísindatjaldað og leyfa börnum að spreyta sig á þrautum og einhverju í höndunum.
- Það held ég ekki, hef ekki komið þangað í rúm 2 ár, of fá og of mjó bílastæði fatlaðra. Á erfitt með gang.
- Það má alltaf bæta um betur.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### VIÐBÆTUR / ENDURBÆTUR- FRAMHALD

- Það má alltaf gera betur í viðhaldi.
- Það má stórléga bæta úrvalið á kaffiteríunni. Það er ekki boðlegt að ekki sé hægt að kaupa neitt sem er sæmilega hollt, bæði fyrir fullorðna og börn. Vegan-valkostir væru líka vel þegnir.
- Það mætti bæta aðgengi að kaldvatnsskrana í fjölskyldugarðinum ekki boðlegt að þurfa að sækja sér vatn á salerni sér í lagi þar sem kranar eru lágir að það er ekki hægt að koma stærri ílátum að og það er ekki hægt að fá vatnið í sjoppunni (í það minnsta þegar ég fór þar síðast, var með leikskólalóp).
- Það mætti bæta við starfsfólki og auka úrvalið.
- Það mætti gera hann fallegri og nýta betur. Hefur t.d. ekkert verið í stíunni/svæðinu sem er næst afgreiðslunni í mörg ár. Hvers vegna er ekki hægt að hafa þar sá má afgirtan róluvöll fyrir yngstu börnin?
- Það mætti uppfæra bílana í umferðarskólanum.
- Það mætti vera meira líf dags daglega og starfsfólk á staðnum til að vera gestgjafar og fræða um dýrin öllu jöfnu.
- Það þarf að bjóða upp á veitingasölu með HOLLUM veitingum fyrir börn ekki þetta drasl-sjoppufæði. Unglingar sem afgreiða pylsur og þess háttar eru ekki þrifa klóra sér í andlit og krafla svo í matinn, ta ka á pylsum og pylsubrauði með berum höndum sem nýlega voru kannski að handfjatla peningaseðla og greiðslukort. Ekki gott og fælir frá. Að öðru leyti er garðurinn sjálfur góður. Nema, að þegar unglingar(starfsfólk) eiga að hleypa inn í næstu „holl“, þá gerist það gjarna og oftar og oftar að viðkomandi er, í símanum og gleymir tímanum eða er ekki vakandi fyrir því sem fylgjast á með. Garðurinn sjálfur góður, sérs taklega dýrhlutinn. Ábyrgara starfsfólk þar.
- Það þarf að huga að viðhaldi tækja. Eins mætti koma með eitthvað nýtt. Þá þarf að hugsa betur um hreinsun.
- Það þarf að sanna ýmsu viðhaldi jafnóðum en ekki bara rísa átökeins og var með nýjum tækjum 2018. Oft þarf bara að mála svo að hlutirnir líti betur út.
- Það væri gaman að hafa góðan og þægilegan matsölustað inni í garðinum og svæði sem hentuðu betur fyrir alla fjölskylduna, t.d. innisvæði þar sem sést út og henta fyrir unga börn á meðan þau eldri fá að sprikla úti.
- Það væri gott ef það væri hægt að fara út um stóra hliðið austan megin í garðinum (sem er bara notað suma dagana). Það myndi spara manni sporin að komast út úr garðinum þegar krakkarnir eru orðnir þreyttir og pirraðir o.fl. Maður þarf iðulega að labba alla leiðina til baka, fram hjá veitingasölu, hringekjunni o.fl. Væri frábært ef það væri hægt að komast út á hinum staðnum, t.d. með einhvers konar einstefnuhliði (ómönnuðu) eins og maður sér í Tívoli í Kaupmannahöfn. Mér finnst nýlegar breytingar á garðinum, leiktæki o.fl. vel heppnaðar og tímabærar og þakka kærlega fyrir það.
- Það var gaman að fara með krakkana þegar garðurinn opnaði. Málið vandaðist þegar tækin komu inn. Eftir það fór ég úr garðinum með krakkana grenjandi af því ég vildi ekki borga fyrir nema eina ferð í slík tæki. Þá hætti ég að mæta.
- Þarf að bæta áfram við nýjum og betri tækjum fyrir börn og halda svæðinu sýrtillegra.
- Þarf að halda betur við. Átti lengi á rskort en tækjum fækkaði, þau oft biluð eða t.d. raflöður í blum búna.
- Þarf að halda honum betur við og endurnýja tæki.
- Þarf að koma aftur leiktæki fyrir yngri börnin, það var tekið í burtu.
- Þetta er garður sem þarf að vera í endalausri endurnýjun.
- Þrautir fyrir krakka.
- Umgengni, mikið af biluðum tækjum og lélegt viðhald.
- Uppfæra og laga tæki og aðstöðu, búið að gera þónokkuð en það er enn margt sem er orðið þreytt t.d. tæki o.fl. Mjög jákvætt það sem búið er að gera.
- Uppfæra tæki og mála inn í fjölskyldugarði.
- Uppfæra tækin.
- Úrelt tæki og almenn ótrúlega lítil endurnýjun í garðinum. hann er beinlínis sorglegur utan hásumartímans.
- Úti bekkir.
- Vantar leiktæki fyrir minni börn eftir að litli kastalinn var tekinn.
- Vantar matsölustað (hamborgarabúllu) sem selur bjór og er með afgreiðslu báðu megin við hliðið. (þarft ekki að fara inn í garðinn til að kaupa borgara og bjór.
- Vantar stórkostlega að bæta þjálfun og sérstaklega þjónustulund starfsfólks, einkum í garð barna sem kaupa sig þarna inn!
- Var of mikið að biluðum tækjum ekki hægt að fara í.
- Veitingar einhæfar jafnvel dapurlegar.
- Veitingasala er heldur fáfengileg.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### VIÐBÆTUR / ENDURBÆTUR- FRAMHALD

- Veitingasóluna. Hafa fjölbreyttari veitingar á boðstólnum og jafnvel bjóða uppá nestisaðstöðu inni. Hafa valmöguleika á góðu kaffi, t.d. samstarfi við Kaffitár eða Te og Kaffi eða álíka.
- Veitingastaðurinn gæti verið betri.
- Við fórum um hádegi á virkum degi, og það var frekar glatað. Ósnyrtilegt, hreindýrunum var ekki gefið þegar dagskráin sagði til um, leiksvæðið í Fjölskyldugarðinum var eiginlega hálfóhugnanlegt, eins og úr hryllingsmynd! Sjoppan var glötuð, léleg vöruúrval og ekki huggulegt. Eina sem var skemmtileg voru leiktækin (kastalarnir og gröfurnar og það), allt hitt var frekar umkunarvert.
- Viðhald á tækjum.
- Viðhald á tækjum. Meira af dýrum.
- Viðhald og endurnýjun tækja.
- Viðhald og þrif, garðinum hefur hnignað mjög.
- Viðhald. Ekki aðlaðandi lengur.
- Viðhaldi ábótavant, tæki léleg, fá dýr.
- Vísindasafn.

### VERÐ

- Allt of dýrt (3 sem nefndu það).
- Lækka verðið (3 sem nefndu það).
- Á ekki að þurfa að borga þegar tækin eru ekki í gangi.
- Aðgangseyri of dýr, færi oftast með barnabörn, eftirlöbð væru.
- Af hverju þarf alltaf að borga sig inn á fjölskyldustaði í RVK. Það kostar alltaf alltaf innalstaðar.
- Afneðma inngangseyri nafur.
- Allt of dýrt að borga sig inn og svolíka í tækin.
- Allt of dýrt í tækin.
- Dýrt að kaupa veitingar þar.
- Dýrum og lækka gjald fyrir stóra fjölskyldur.
- Ég fór fyrir mörgum árum og fannst allveg svakalega dýrt. Vað hugsað til efnaminni fjölskyldna. Ömurlagt að hafa ekki efni á að heimsækja garðinn ...
- Fáránlega dýrt að fara þangað og þurfa svo að greiða fyrir tækja notkun. Kemur illa við þyngju ömmu. Mætti endurskoða notkun á fjölskyldukorti í þessu samhengi. Tækin oft biluð og oft svekkelsi að fara trekk í trekk og komast ekki í aðalgræjurnar. Skora á borgina að girða sig í brók með þennan garð.
- Finnst frekar dýrt.
- Fjölga gjaldfrjálsum leiktækjum. Er líka enn þá að bíða eftir ísbirninum sem Jón Gnarr lofaði. :).
- Fokdýrt er í tækin og langar biðraðir. Klósettin eru skítug.
- Frítt inn fyrir börn (ekki bara þessi allra yngstu) til að hvetja til þess að maður fari oftast.
- Hætta að rukka aðgangseyri fyrir fullorðin fólk. Koma fallturni í almennilegt lag og hafa opin lengur yfir smartímenn.
- Hafa frítt inn fyrir aldraða, öryrkja og börn 12 ára og yngri.
- Hafa frítt inn.
- Hafa hlutina fjölbreytta. Og aðstoða ísbirni.
- Hafa ódýrara. Of dýrt nema að maður kaupir á skort. Er með 5 börn á heimilinu.
- Hafa ódýrari.
- Hef bara ekki farið undanfarin ár þar sem börnin mín eru orðin of stór, fyrir utan hvað þetta er dýrt. Ég á 4 börn og þetta var orðinn lúxus að fara eina ferð á ári...
- Já, hafa frítt inn í garðinn til að maður droppi oftast við.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### VERÐ - FRAMHALD

- Já, mjög margt. Engu er haldið við og allt í niðurníðslu. Frekar dapurt og allt of dýrt inn í garðinn miðað við hvað er í boði.
- Kostar of mikið.
- Lækka verð á dagpassa og miðum í leiktæki.
- Mætti kosta minna fyrir fjölskyldur - sjálf fæ ég ókeypis vegna aldurs, sem er til fyrirmynda!
- Mætti vera fleiri dýr, og of dýrt.
- Mætti vera ódýra inn.
- Meira úrval tækja, ódýra fyrir stórar fjölskyldur. Frían dagpassa fyrir börn með umönnunankort.
- Mér finnst allt of dýrt í garðinn.
- Mér finnst lítið í gangi yfir vetrartímann og þætti því eðlilegt að afgangseyririnn væri lægri á þeim árstíma. Þá færi ég oft. Eins finnst mér vanta að bjóða upp á grænmetismat.
- Minnka peningaplokkid alveg nógu dýrt inn eða bjóða upp á fjölskyldupakka (2/4 familia hér).
- Mjög dýrt. Lengri opnunartími.
- Ódýra fyrir fjölskyldufólk.
- Of dýr og allt of mikið rusl.
- Of dýr skemmtun.
- Of dýrt og ekki nógu þri falegur.
- Of dýrt.
- Of kostnaðarsamt að fara með börn og taka þátt í því sem er í boði.
- Ókeypis inn í garðinn fyrir börn en allt í lagi að rukka fyrir tækin.
- Sleppa kostnaði í tækin.
- Það á einfaldlega að vera frítt inn í garðinn sjálfan! Fyrst að það er verið að rukka í tækin.
- Það á ekki að kosta inn í garðinn, Borgarfjarðar í tæki, veitingar og þessháttar. Mundu mið fleiri röltu í gegn.
- Það ætti að kosta minna eða vera frítt.
- Það ætti að þurfa að greiða auka gjald fyrir ákveðin leiktæki.
- Það ætti að vera ódýra í hann.
- Það er óþolandi dýrt að fara með alla fjölskylduna þangað. Fúlt að menningarkortið virki þar ekki lengur.
- Það er verið að bæta margt en verðið er of hátt.
- Það mætti vera ódýrara.
- Það of dýrt að fara með börn í garðinn sendi barnið eitt hef ekki efni á að borga mig inn líka.
- Tryggja að fjölskyldur sem hafi lítið fjármagn á milli handanna geti farið með börnum sínum eða tryggt það að börnin sín komist þangað.
- Verðið er alltof hátt og fjölskyldugarðs megin er yfirleitt helmingur af öllum tækjum biluð, lokuð eða löngu komið að viðhaldi.
- Verðlagið.
- Vetrargjaldið er frekar dýrt m.v. hvað það er lítið um að vera.
- Vetrartímann þá er ekki mikið að gera í garðinum. Þarf að bæta það. Börn hafa ta kmarkaðan á huga á að sjá alltaf sömu dýrin í hólfum.





## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### DÝRAHALD

- Að lóga ekki eða drepa dýr sem þar dvelja, ef þarf þá láta svæfa, sem sagt á mannúðlegan hátt. Samanber litla kópinn sem slapp óvart úr dýragarðinum og var síðan drepinn af starfsmanni. Sagt var að það hafi verið mistök en maður drepur ekki dýr óvart!
- Aðstaðan fyrir selina er til skammar. Bara best að hafa enga seli.
- Bæta aðs töðu dýra.
- Bæta aðs töðu dýranna. Hef fullt af hugmyndum fyrir þennan stað.
- Bæta fiskasafnið.
- Bæta gríðarlega aðstöðu flestra dýra. Mér þykir sorglegt að sýna börnunum mínum dýr sem lifa í lélegri aðstöðu. Til að mynda mætti hætta algjörlega að halda seli þar, ef aðstaðan á að vera sorglegur lítil pollur fyrir þá. Oft eru dýrin hrædd inni á húsum, til að mynda litlir grísir, aðskildir frá móður, með fullt af fólki með læti o.s.frv.
- Ég er síðferðislega á móti því að halda dýrum fönngnum mönnum til skemmtunar og dægurdvalar.
- Ég væri til í að hafa sebrahesta.
- Ég vorkenni dýrunum þar.
- Ekki hafa vilt dýr lokuð inn í búri eins og selina, minkana og hreindýrin. Þetta er mikil grimmð gegn dýrum! Þetta eru EKKI húsdýr!
- Er á móti því að gaðurinn leyfi selunum að fjölga sér til þess eins að slátra þeim. Á sínum tíma (eftir að kópinn slapp) gáfu þeir það út að þeir myndu sleppa þeim lausum í stað þess að drepa þá. Ég hef ekki heyrt neitt um að þeir hafi staðið við þau orð.
- Er á móti því að halda dýr til sýningar. Láta eignast á fkvæmi og drepa þau svo Fjölskyldugarðurinn held ég finn, á bara uppkomin börn, veit ekki alveg.
- Eyða pening í uppbygging og lagfæringar í húsdýra hluta garðsins líkt og hefur verið gert í fjölskyldugarðinum í sumar.
- Fara vel með dýrin.
- Finnst ljótt að hafa selina í lítilli sundlaug og vil ekki styðja það.
- Fiskasafn.
- Fjölga dýrategundum.
- Fjölga dýrum og gera svæðið meira aðlaðandi.
- Fleiri dýr og aðstaða þar sem börn geta tekið meiri þátt í að sinna dýrum og nálgast þau.
- Fleiri dýr!
- Fleiri dýr, sækka, jafnvel setja fleiri tæki.
- Fleiri dýrum - aðalega fuglum.
- Gefa dýrunum kost á betri lífi. Þá helst selunum.
- Genginnar vegna dýranna verði sýndar betur.
- Hætta að hagnast á dýrum og myrða þau svo.
- Hætta með selina. Dýraníð.
- Halda áfram að efla hann, fjölga dýrum og fræðslu.
- Hreini læti, fjölbreytileika dýra.
- Huga þarf að dýravelferð.
- Hvar er ísbjörninn.
- Ill meðferð á dýrum í formi plássleysis.
- Ísbjörn.
- It need something new look a different kind of animals instead of the same animals always.
- Já, fleiri dýrategundir. T.d. Rottur og mýs. Mála og gera fínt. En allt á réttri leið.
- Já, laga allt sem má laga og hugsa betur um dýrin.
- Já, t.d. að drepa ekki seli sem sýna vilja til að lifa.
- Mættu vera fleiri dýr.
- Meira aðhald utan um velferð dýranna.
- Meira pláss fyrir villt dýr.
- Meira úrval dýra, betri umgengi.
- Meiri dýr ekki endilega bara íslensk dýr, svona eitthvað meira spennandi, eins og ljón t.d., ísbjörn og kannski íslensku fiskana þors kýsu, mætti vera meira fiska dæmi, mætti gera þetta já, aðeins meira spennandi
- Mér finnst laugin undir selina of lítil. Leggja ætti áherslu á útsvæði fyrir dýrin þar sem þau geta gengið frjálsum, til dæmis fyrir svínin.
- Ný dýr til dæmis otur.
- Orðið mjög þreytt. Fá dýr.
- Rýmra svæði fyrir dýrin, t.d. hjá svínunum.
- Sakna ísbjarnarins sem var lofað.
- Sakna mikið fiskabúranna sem voru þar, silungur og lax. Leiðinlega að það hafi farið, nú þegar þetta er að verða mikilvæg atvinnugrein.
- Selalaugin er svo lítil að ég trúi því varla að hún uppfylli kröfur um dýraveind.
- Selasvæðið er svírðilegt.
- Skiljum það að þurfa að lóga dýrunum en að skjóta selinn sem var að flýja. Þar ta þaði dýrmætu tæki færi í að bjóða upp á sensation!



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### DÝRAHALD - FRAMHALD

- Það mætti bæta fleiri dýrum í flórana. Sæðýrasafn t.d. Einnig vil ég sjá áframhaldandi uppbyggingu á barnasvæðinu, sem þó er orðið býsna gott.
- Það mætti bæta fræðslu um dýrin þ.e. hafa leiðsögn fyrir börn.
- Það mætti vera aukin fræðsla um dýrin - ekki bara stutt og afmörkuð á meðan dýrunum er gefið.
- Það þarf einhver að taka það að sér að styrkja uppbyggingu á garðinum. Hann er í algjörum lamassessi. Aðbúnaður fyrir dýrin er frekar slöpp og þá sérstaklega fyrir selina, sem við ættum alls ekki að halda í búrum og vonandi verður það lagt af dag einn. Í millitíðni þá ætti að sleppa slátrun á kópum og frekar sleppa þeim bara því þeir eiga alveg mikla möguleika á lífi á sjó. Hvetja mætti til frekari dýra hjálpar og a thvarfs fyrir bágstaddar skepnur. Þetta mætti aðstoðu til samverustunda, úti sem og inni. Aukin fræðsla og skemmtun fyrir börn, gömlu góði tækin þarf að laga, þau eru fyrir löngu ónýt, Síðan mætti nú alveg opna fyrir möguleika á frekari viðburðum, það yrði klárlega móðins. Þessum garði vantar nauðsynlegt fjármagn því hann hefur mjög góða möguleika á að verða rosalega finna fjölskyldugarður. Það er ekki bara nóg að kaupa alltaf nýja og nýja fallturna. Takk fyrir möguleikann á þessu innleggi mínu. Vonandi verður það til gagns.
- Það væri líklega gaman að hafa fleiri dýrategundir.
- Það vantar enn ísbjörn í garðinn.
- Það vantar enn þá ísbjörn.
- Væri gaman að fá ísbjörninn sem Jón Gnarr lofaði.
- Vantar góðan veitingastað. Bæta aðstoðu hjá dýrunum.
- Vantar ísbjörn í garðinn. Mætti einnig vera stór ísbjarnagarður með mörgum ísbjörnum (t.d. með þeim sem væru annars skotnir á Íslandi eða á Grænlandi), væntanlega myndu margir ferðamenn koma í þannig garð, þessi garður gæti t.d. verið í Vatnsmýrinni.
- Vantar ísbjörn.
- Vantar ísbjörninn sem fyrrverandi borgarstjóri lofaði.

### ANNAD

- Allt (2 sem nefndu það).
- Alveg yndislegur garður 98 prósent fullkominn.
- Barnabörnin eru ánægð með hann og það nægir.
- Betra aðgengi strætisvagna þarf fyrir eldra fólk sem er bíllaust.
- Betri veitingasölu.
- Bílastæði og hreinsun.
- Þjóða upp á fleiri dýranámskeið fyrir börn - bæði á sumrin og veturna.
- Efa laust.
- Einkavæða hann, borgin á ekki að vera í svona rekstri.
- Finn garður!
- Fleiri reyndari starfsmenn.
- Flottur garður.
- Fórinu sinni þegar allt leiksvæðið var allt út í drullu í byrjun apríl fannst það frekar ósmekklegt.
- Fóri fyrra (utan háanna tíma) og nánast ekkert opið.
- Fóruna oft þegar börnin mín voru ung og alltaf gaman.
- Frekar daufur.
- Hafa kost á að fólk geti keypt sér björglas þar eins of hjá siðmenntuðum þjóðum.
- Hann er ágætur eins og hann er.
- Hollari matsölu :).
- Já, það má vera miklu betur.
- Já.
- Mætti vera lengur opin yfir sumarið.
- Mætti vera meira um viðburði og þess háttar.
- Með aukningu vegan fólks í borginni mætti taka tillit til þess að það borgar sig ekki inn í stofnun sem heldur dýr til skemmtunar (hvað þá ræktunar til eldis fyrir starfsfólkið). Sama fólk myndi með glöðu geði greiða sig inn í fjölskyldugarðinn efað skýrt væri að peningurinn þeirra væri ekki skráður sem greiðsla fyrir húsdýragarðinn. Hins vegar efað húsdýragarðurinn myndi taka afstöðu sem húsdýraathvarf þá myndi einnig horfa öðruvísi við og vegna fólk myndi hiklaust styrkja starfsemina, en ég efa stórlega að það sé áhugi fyrir því.
- Meira hreinlæti.
- Meiri dagskrá fjölbreyttara fyrir korteygendur.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### ANNAD - FRAMHALD

- Mér finnst húsdýragarður og skemmtigarður með háværum tækjum ekki eiga vel saman.
- Mikil örtröð.
- Nýta hann betur.
- Of miklar biðraðir.
- Opíð til 17.30 eða 18 svo við náum að fara eftir skóla á virkum dögum.
- Opna útgönguleið úr fjölskyldugarðinum (gamli inngangurinn), gera möguleika á að fara þar út.
- Örugglega eitthvað.
- Snyrtimennsku.
- Starfsfólksé duglegra að týna ruslog tæma ruslafötur á sólardögum þegar margir eru í garðinum.
- Það er of löng bið í skemmtilegustu tækin á sólardögum.
- Þrifa upp rusl.
- Vera með aldurstakmarkanir á tæki á heimasíðu.
- Viðist vera klíka að fá vinnu þar á sumrin.
- Would be great to have more chance to sign kids for summer courses. Tried 3 past years and without chance.

### NEI / VEIT EKKI

- Nei (89 sem nefndu það).
- Veit ekki (50 sem nefndu það).
- Ekkert sem ég man eftir (2 sem nefndu það).
- Hef ekki skoðun (2 sem nefndu það).
- Held ekki (2 sem nefndu það).
- Dettur ekkert í hug.
- Ég bara þekki það ekki.
- Ekkert að fréttu.
- Ekkert á kveðið.
- Ekkert sem ég hafi tekið eftir.
- Ekkert sem ég man eftir en það er erfitt fyrir garðinn í dag að keppa við minninguna af garðinum nýopnuðum.
- Ekkert sem ég man núna. hef alltaf verið á nægð þar með þjónustu og aðstöðu.
- Ekkert sem ég man.
- Ekkert sérstakt.
- Ekkert þannig.
- Ekkert.
- Ekki farið nýlega, veit ekki.
- Ekki farið þangað í nokkur ár.
- Ekki kunnugur því.
- Ekki með skoðun á því.
- Ekki svo ég muni hefja á einu sinni á fimm árum.
- Enga skoðun á því.
- Fer eiginlega aldrei þangað þessi árin svo ég hef ekki skoðun á því - er hvorki með börn né barnabörn.
- Fer ekki í hann.
- Get ekki sagt til um það vegna þess hve langt er síðan ég koma þar. Fannst síðast að komið væri að endur nýjun.
- Hef bara einu sinni komið í hann fyrir mörgum árum.
- Hef ekki farið í hann í meira en 12 mánon og veit ekki.
- Hef ekki farið þangað í milljón mánuði.
- Hef ekki farið þangað í nokkur ár og er ekki dómbær.
- Hef ekki farið þangað lengi og get því ekki svarað þessari spurningu.



## Sp. 29. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta í fjölskyldu- og húsdýragarðinum?

### NEI / VEIT EKKI - FRAMHALD



- Hef ekki forsendur til þess að vera með skoðanir á því.
- Hef ekki hugsað út í það, mætti kannski hafa eitthvað hvjetjandi fyrir fullorðið og eldra fólk til að koma þó það sé ekki með börn.
- Hef ekki komið eftir breytingarnar.
- Hef ekki komið þangað allengi og því ekki dómbær.
- Hef ekki myndað mér skoðun á því.
- Hef ekki neitt sérstakt í huga.
- Hef ekki skoðun á því eins og er.
- Hef ekki skoðun á því.
- Já, klárlega vantar GÍRAF, í alvöru ég var að svara að ég hefði ekki komið þangað!
- Langt síðan ég hef farið- börnin orðin svo stór.
- Langt síðan ég hef farið, samt er ég með börn á aldri sem ætti enn þá að fíla garðinn. Þau biðja heldur aldrei sjálfum að fara í hann. Síðustu skipti sem við fórum voru mörg tæki lokuð/biluð, vís indatjaldið var kalt og dimmt, bara overall lítið spennandi. Það væri óskandi að setja upp almennilegt vísindasafn innandyra. Húsdýrahútið er ok, eldra barnið mitt fór í skemmtilega heimsókn með skólanum um daginn til að gefa dýrunum, og við höfum haldið afmæli þar sem var vel heppnað.
- Langt síðan ég hef farið.
- Man ekki eftir neinu núna.
- Nei, bara endalausar breytingar og framkvæmdir sem eru ekki að skila sér.
- Nei, er bara fallegur garður fór þangað í fyrra.
- Nei, frá bær.
- Nei, hef reyndar ekki faglega þekkingu til að meta það.
- Nei, þau eru nýbúin að bæta allt.
- Nei, þekki ekki.
- Not sure.
- Of langt síðan ég fór síðast til að hafa skoðun á núverandi stöðu mála.
- Pass.
- Sé það ekki þegar ég kom fyrir 2 árum. Kona mín fer þangað með barnabörn.
- Svo langt síðan að ég hef farið að ég hef enga skoðun á því.
- Það veit ég ekki, veit bara að fjölskyldufólk er á nægt með hann.
- Þegar stórt er spurt verður stundum fátt um svör.

- Þekki ekki nægilega vel.
- Þekki ekki.
- Þekki það ekki.
- Veit ekki - svo langt síðan ég kom þangað síðast.
- Veit ekki, langt síðan for þangað.
- Veit það ekki hef ekki farið þangað svo lengi.
- Veit það ekki hef ekki farið.
- Veit það ekki.
- Veit.




## 30. Hefur þú farið á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (Bláfjöll/Skálafell) á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	%
Já	350	15.4%
Nei	1,928	84.6%
Gild svör	2,278	100.0%
Svöruðu ekki	122	5.1%
Heildarfjöldi	2,400	100.0%




## 30. Hefur þú farið á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (Bláfjöll/Skálafell) á síðustu 12 mánuðum?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 30. Hefur þú farið á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (Bláfjöll/Skálafell) á síðustu 12 mánuðum?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 30. Hefur þú farið á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (Bláfjöll/Skálafell) á síðustu 12 mánuðum?




Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.






## 31. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með skíðasvæðin í Bláfjöllum og/eða Skálafelli?


	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	122	14.1%
Frekar ánægð(ur) (4)	355	40.9%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) (3)	331	38.2%
Frekar óánægð(ur) (2)	41	4.7%
Mjög óánægð(ur) (1)	18	2.0%
Gild svör	866	100.0%
<hr/>		
Hef aldrei farið á skíðasvæðin á Bláfj..	751	31.3%
Veit ekki/Vil ekki svara	604	25.1%
Svöruðu ekki	179	7.5%
<hr/>		
Heildarfjöldi	2,400	100.0%




Meðaltal: 3.60  
 Vikmörk (±): 0.06  
 Staðalfrávik: 0.85



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti valmöguleikinn fær gildið 5, neðsti valmöguleikinn gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




## 31. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með skíðasvæðin í Bláfjöllum og/eða Skálafelli?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 31. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með skíðasvæðin í Bláfjöllum og/eða Skálafelli?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 31. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með skíðasvæðin í Bláfjöllum og/eða Skálafelli?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

### SNJÓR

- Meiri snjó (10 sem nefndu það).
- Snjóframleiðsla (7 sem nefndu það).
- Snjóvélar (4 sem nefndu það).
- Snjóframleiðsla (3 sem nefndu það).
- Vantar snjó (3 sem nefndu það).
- Gervisnjó (2 sem nefndu það).
- Framleiða snjó (2 sem nefndu það).
- Athuga með snjóframleiðslu á báðum svæðum og Opnunartími í Skálafelli mætti vera rýmri.
- Bæta meiri snjó ;).
- Brautir og snjóvinnslu, snjóbyssur.
- Erfitt að segja, aðallega er það snjóleysi sem erfitt er að gera við.
- Fleiri snjóvélar þannig að hægt sé að opna fyrir og hafa opið oft.
- Framleiða snjó svo undirlag sé gott og stöðugt og þá hægt að opna fyrir (eins og var gert á Hengilssvæði). Snjórin má þá við meiri veðurbreytingum án þess að losna úr brekkum.
- Framleiða snjó þegar enginn snjó er þar, þ.e. ef það er frost.
- Framleiðsla á snjó.
- Gera mögulegt að stunda skíði alla daga þrátt fyrir snjóleysi og rok.
- Hefja snjóframleiðslu.
- Já, snjóframleiðsla í Skálafelli.
- Já, þar er skoðing á bætingu, snjóframleiðsla þarf að fara gera sig hér sunnan heiða. Skálafellið er frábært svæði en lyfturnar eru alveg til skammar og þarf að bæta þar um betur, svo maður geti haft reglulega gaman af því að fara á skíði.
- Koma biluðu lyftunni á suðursvæðinu aftur í gagnið. Svo mætti alveg bjóða upp á alvöru veitingar, jafnvel vínveitingar, á svæðinu.
- Láta snjó meira í fjöllinn.
- Meiri snjó meiri snjó meiri snjó.
- Meiri snjó og nýrri lyftir og lengri brekkur.
- Meiri snjó!
- Meiri snjó! (Snjógerðartæki).
- Meiri snjó. Það þarf grín laust að huga að við haldi á tækjabúnaði á svæðinu, einnig væri sniðugt að huga hvort að Bláfjöll séu í raun besti staðurinn fyrir skíðasvæði höfuðborgarþéttbýlisins með tilliti til snjósöfnunar á svæðinu (eða skort á snjó réttarasagt). Þegar lagt verður í uppbyggingu á skíðasvæði ætti að huga annan stað þar sem hægt er að hafa svæðið opið fleiri daga ársins (er betri snjósöfnun heldur en í bláfjöllum).
- Meiri snjóframleiðsla.
- Meiri snjótakk.
- Mikilvægt að koma upp snjóframleiðslu.
- More and longer snow.
- Snjó.
- Snjóblástursvélar.
- Snjóbyssur má bæta við á báða staði.
- Snjóframleiðsla Meiri afköst á svæðinu svo raðir styttest.
- Snjóframleiðsla og laga lyfturnar.
- Snjóframleiðsla í Bláfjöll og Skálafell!
- Snjóframleiðsla og betri skíðalyftur sérstaklega í Skálafelli, setja skíðalyftu upp á topp í Skálafellinu og í norðurhlíðar. Flott skíðasvæði en ástandið á þeim lélegt.
- Snjóframleiðsla og nýtti og betri lyftur.
- Snjóframleiðsla stóralyftu.
- Snjóframleiðsla til að hafa meiri stöðugleika í brekkunum.
- Snjóframleiðsla vantar sárlega Að opið sé daglega í Skálafelli allt tímabilið. Nýjar lyftur í Skálafell.
- Snjóframleiðsla, svo svæðið sé opið oft.
- Snjóframleiðsluvél.
- Snjógerð.
- Snjóvélar mætti koma fyrir.
- Snjóvéllum.
- Það þarf að byrja framleiða gervisnjó - ótrúlegt að til þess hafi ekki enn fengist leyfi vegna vandræðisráðgjafarinnar sem afar erfitt er að skilja, hafa a.m.k. ekki verið útskýrð.
- Það þarf að setja upp snjóvélar sem allra fyrst og bæta vulega í lyftukost á bæði skíðasvæðin.



## Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

### SNJÓR - FRAMHALD

- Það þarf að vera með snjóframleiðskerfi.
- Það þarf snjóframleiðslu í fjallið.
- Það vantar búnað til snjóframleiðslu. Vantar nýja stólalyftu í Skálafelli og helst nýja á suðursvæði í Bláfjöllum sem nærði upp á brún brekkunnar þar.
- Það vantar meiri snjó.
- Það vantar nú aðallega snjó.
- Það vantar snjó, gervisnjó.
- Það vantar snjóvélar til að búa til snjó. Algjör skömm að slíkt sé ekki til, nóg er verið að eyða í allskonar rugl hjá borginni, s.br. Braggann og mörg önnur dæmi.
- Því miður ræður enginn við að töfra niður snjó.
- Vantar meiri snjó (snjóframleiðslutæki), betri stólasérstaklega í skálafelli.
- Vantar snjóframleiðslu vélar.
- Vera með snjóframleiðslu.

### OPNUNARTÍMI

- Lengri opnunartíma (2 sem nefndu það).
- Hafa lengur opið þá daga sem hægt er að skíða, ekki loka loksins þegar snjórinn er góður!
- Lengja opnunartíma um helgar.
- Lengja opnunartíma.
- Lengri opnunartíma þegar snjór, opna líka fyrr á veturna og hafa opið lengra fram á vor ef veður leyfir.
- Lengri opnunartími - viðhald á lyftum - betri lyftur.
- Mætti rýmka opnunartíma þegar vel viðrar, sérstaklega um helgar. Mætti þjónusta veginn að Bláfjöllum miklu betur hvað mokstur og sérstaklega hálkuvarnir varðar. Koma á samstarfi við önnur skíðasvæði varðandi árskort. Skoða kostnað við á rskort út frá öðrum en þeim sem æfa skíði.
- Opna þegar snjórinn er kominn um vetur. Laga eða skipta um Drottninguna (lyftu) í Kóngsgili og keyra hana svo að raðir myndist ekki eins á álagsdögum. Opna fyrr (kl. 12:00) á daginn til að nýta birtuna.
- Skálafell mætti vera oftari opið. Og kannski þarf að huga að snjóframleiðsluvél á báðum svæðum.
- Það er aðka llandi að koma upp snjóbyssum eins og þekkest á öllum betri skíðasvæðum landsins. Gildir bæði um Bláfjöll og Skálafell. Stólalyftan í Skálafelli er löngu úrelt. Það tekur um 15 mínútur að ferðast upp með lyftunni. Þá er allt venjulegt fólk frosið fast við stólinn. Það er ófært að nota dagatalið til að ákveða opnunartíma í Skálafelli. Snjórinn veit ekki hvaða dagur er. Oft er frá bært færi og veður utan þess stutta tíma sem Skálafell er opið.
- Þurfa að vera öflugir að setja inn opnun og veður á t.d. Facebook.
- Vera meira tilbúin þegar snjórinn kemur loksins. Og að starfsmenn standi við 2ja manna stólalyftur og aðstoð þ.e. hægi aðeins á stólum áður en sest er í hann. Alltaf gert erlendis.



## Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

### UPPBYGGING / ENDURBÆTUR

- Aðstöðu fyrir gönguskíðafólk (2 sem nefndu það).
- Betri lyftur (2 sem nefndu það).
- Bílastæðin (2 sem nefndu það).
- Aðgengi að skíðakennslu og aðstöðu fyrir börn í Skálafelli.
- Aðgengi fyrir þá sem ekki eiga bíl.
- Aðgengi opnunartíma upplýsingaveitu.
- Aðstaða er orðin gömul og úrelt. Lyftir og margt fleira. Þjónustan er fín.
- Aðstaðan í skíðaskálum.
- Aðstöðu í skálum.
- Aðstöðu skíðagöngufólks.
- Auðvelða aðgengi og bæta úr skipulagi bílastæða og öruggu aðgengi að fjalli.
- Auðvelða ferðir til og frá t.d. strætó svo borgarbúar hafi ekki afsökun fyrir að þurfa jeppa og nagladekkeða bíl yfirleitt.
- Auðvelða minni bílum að komast að svæðunum og leggja á bílastæðunum.
- Auka á herslu á Skálafell og minnka á herslu á rokbælið Bláfjöll.
- Auka gæðin á lyftum í Skálafelli og geta búið til snjóef þarf.
- Bæta aðstæður.
- Bæta aðstöðu fyrir skíðagöngufólk.
- Bæta aðstöðu í Skálafelli.
- Bæta afgreiðslu á kortum og minnka biðraðir.
- Bæta alla aðstöðu í Skálafelli. Bláfjöll eru skemmtileg.
- Bæta þarf alla þjónustu, sérstaklega þarf að stytta biðtíma við kaup á lyftukortum.
- Bæta þjónustu við gönguskíða fólk; sérstaklega vantar snyrti aðstöðu (wc).
- Betri aðstöðu til að borða nesti.
- Betri gönguskíða aðstöðu.
- Betri lyftu í Skálafell og upp á topp fjallsins.
- Betri lyftur í Skálafelli!
- Betri nestisaðstaða í Bláfjöllum. Skálinn er lélegur og óvistlegur.
- Betri skipulag bílastæða og auðvelða og stytta afgreiðslu leigubúnaðs.
- Betri þjónusta við lyfturnar að aðstaða fólk við að setjast í lyfturnar. Þyrfti að vera stöðugra en það hefur verið. Er stundum og stundum ekki. Gönguskíðabrautir fleiri.
- Bílastæðamál eru í óleystri bæði í Bláfjöllum og í Skálafelli, sérstaklega í Skálafelli.
- Brekkurnar stuttar.
- Ég myndi vilja getað geymt skíðabúnað á svæðinu. Átt mitt hólf/skáp með mínum búnaði. Þannig að þegar snjóar þá geti ég bara brunað af stað, sótt minn búnað og byrjað að skíða.
- Endurgera matsal, gera hann huggulegri, hafa hollari valkosti í boði, bæta aðstöðu nestisfólks.
- Endurnýja lyftur.
- Endurnýja þarf búnað sem er kominn til ára sinna og oft bilaður. Þá sárlega vantar snjóframleiðslu til að hægt sé að lengja tímabilið og gera það stöðugra.
- Endurnýjun á lyftum.
- Fjöldatakmörkanir og betri skíðalyftur.
- Fjölga bílastæðum.
- Fjölga gönguskíðaleiðum - Mætti gera það.
- Fjölga lyftum. Vantar klósett. Allt í lama sessi þarna. Snjóframleiðsla.
- Fleiri lyftur, betra eftirlit og snjóframleiðslu.
- Fleiri lyftur, og snjóframleiðslu.
- Fleiri lyftur, snjóvélar.
- Fleiri lyftur.
- Fleiri/hraðari lyftur - að ógleymdu góðu veðri!
- Frábært að fá gönguskíðasvæði/lagðar brautir í Reykjavík.
- Gönguskíðasvæði.
- Hef oft nýtt mér svæðið í Bláfjöllum, finnst að það mætti bæta bílastæði og aðkomu bíla að svæðinu.
- Já (betri) WC fyrir gönguskíði Bláfjöllum. Betri lyftu í Skálafelli (4. sæti í stað gömlu og topp lyftu þáðan).
- Já, flest allt mætti bæta.
- Já, gera nýjar lyftur í Skálafelli og hefa snjóframleiðslu á báðum stöðum.
- Já, já, já. Skipta út þessum antík lyftum. Kóngurinn er eina nothæfa lyftan í Bláfjöllum. Hætta að hugsa um snjóframleiðslu og einbeita sér að snjógirðingum og snjó söfnun. Opna Skálafell oft en um helgar. En fyrst þarf lyftu í Skálafell. En þetta eru engar nýjar fréttir. Við erum yfir 20 ár.
- Já, það má bæta við lyftum og gera svæðið auðveldara í aðgengi t.d. bílastæði. En gönguskíðasvæðið er mjög gott.
- Laga Skálafellslyftuna.
- Leggja mætti gönguskíðabrautir sem henta börnum (og öldruðum).



## Sp. 32. Er eitthvað sem þér finnst þurfa að bæta á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins?

### UPPBÝGGING / ENDURBÆTUR - FRAMHALD

- Lyftan í Skálafelli er orðin ansi öldruð.
- Lyftuaðstöðu og almennt öryggi skíðafólks.
- Lyftukostinn og snjóframleiðslu.
- Lyftukostur er úreltur og þarf að endurnýja. Það þarf að framleiða snjó til að lengja skíðatímabil. Sem betur fer hefur verið gerður samningur um að endurnýja lyftur og hefja snjóframleiðslu á skíðasvæðunum. Vonandi verður staðið við það samkomulag því að staðan er ekki boðleg núna.
- Lyftur eru of oft í ólagi.
- Lyftur hæggar, miklar raðir, þyrfti að framleiða snjó.
- Lyftur í Skálafelli eru orðnar mjög gamlar og þreyttar og starfsfólk á heiður skilinn að geta haldið þeim gangandi að mestu. Best væri að fá snjóbyssur til að framleiða snjó svo að skíða dagar væru fleiri.
- Lyftur lélegar og illa hirtar/reknar.
- Lyftur, ekki haldið við í áratug.
- Má alltaf uppfæra aðstöðu.
- Mætti bæta stýringu á fólki í stólana, of margir stólar tómir.
- Mætti bæta þjónustu, hvað varðar skíðaleigu t.d. Ekki er hægt að leigja skíði nema einn dag í einu, svo oft myndast langar raðir í skíðaleigu. Svo er önnur löng röð ef maður þarf að kaupa miða. Í Hlíðarfjalli t.d. hægt að leigja skíði í nokkra daga í senn sem er mikil hagræðing.
- Malbika veg gegnum Heiðmörk, ég fer þangað á gönguskiði.
- Meiri aðstöðu, veitingastað.
- Mikill hluti búnaðar og mannvirkja á skíðasvæðum er úr sér genginn og gamall. Það þarf að bæta. Einnig snjóframleiðslu.
- More cross country skiing.
- Nánast allt. Aðallega bæta við og þjónusta brekkur, einnig lyftur sem eru sérstaklega til skammar í Skálafelli.
- Ný lyfta í Skálafelli og leggja meira í það svæði til að geta haldið því opið meira.
- Nýja lyftur og brekkur.
- Opna Skálafell, og skafa brekkurnar mun betur og af kunnáttufólki.
- Ryðja brautir betur og oftar, bæta lyftu aðstöðu, hafa gervisnjó.
- Skálafell þarf að bæta - lyftan virkar ekki lengur sem slík, hæg og biluð. Hlakka til snjóblástursvéla í Bláfjöllum, þá verður oftar opið!
- Skálinn í Bláfjöllum er orðin ansi ubbulegur.
- Skíðaskálinn í Bláfjöllum er löngu sprunginn og á góðum dögum nær hann ekki að sinna öllum fjöldanum. Leigan á búnaði er líka takmörkuð og gengur hægt þegar mikið er að gera.
- Skípuleggja bílastæðismál miklu betur.
- Skortur á þjónustu og lyftuskortur.
- Stækka fjöllin.
- Stækka skíðaleigu og matsvæði. Betri og oftar kennsla fyrir byrjendur og börn. Hafa opið oftar.
- Stærri skála sem hýsir alla má aukningu á þeim sem stunda íþróttina. Hlúa betur að lyfjunum til að halda þeim gangandi, alltof oft bilaðar. Fleiri opnunardaga fyrir árs korthafa, ekki einungis opna fyrir æfingarkakkana. Of oft lokaðar brekkur fyrir mót ásamt því að oft er nánast allt svæðið tekið undir æfingarsvæði og bara skilinn eftir þröng ræma fyrir aðra iðkendur.
- Stytta bíðraðir, hafa lyfturnar í lagi.
- Það má laga aðkomu að hliðinu við Kónginn í Bláfjöllum. Myndast brekka við hliðin, sérstaklega lengst til vinstri og þetta hægir á fólki. Það þarf líka að vera eftirlit svo röðin gangi, allt of mikið af tómunum stólum upp og þess vegna bið í lyftuna. Mæli með að röðin fyrir einstaklinga sé að öllu leiti sér til að nýta sér tómu stólana. Oft er fitt að komast að henni.
- Það mætti fjölga bílastæðum - á góðum sólardögum getur orðið algert kaos á bílastæðunum. Einnig þyrfti að koma betri stóla lyfta í Skálafell svipuð og kóngurinn í Bláfjöllum (hraðskreið með 4-6 sætum). Eins mætti laga þvögur sem myndast í aðkomunni að kortalesaranum í stóla lyftum. Þar er mikið um að það sé verið að troðast fram fyrir aðra.
- Það mætti hafa malbikuð bílaplön.
- Í íbúa kosningunni ætti að bjóða upp á valmöguleika sem skipta raunverulegu máli, ekki bara einhver blómaker og rólur. Leyfið íbúum að kjósa um áherslur í mikilvægum verkefnum.
- Í upphafi könnunarinnar var sagt að það væri hægt að koma með a thugasemdir í lokin en svo kemur í ljós að það er ekki hægt. Ég vil koma með þá a thugasemd að í spurningunni um til hvers ég noti opin svæði þá hefði þurft að fá að velja fleiri möguleika en einn. Ég nota opin svæði til margra hluta og sorglegt hvernig borgaryfirvöld reyna stöðug að minnka þau. Út frá mínum bæjardrym séð þá er þessi spurning ekki marktæk þar sem reynt er að stýra um ofniðurstöðum með því að hafa bara einn sva rmöguleika. Opin svæði bjóða upp á margt eðli málsins samkvæmt og þessi spurning því ekki marktæk. Ég mun allavega fylgjast með því hvernig hún verður túlkuð og ég vona að fyrir sagnir dagblaða verði ekki á þann veg að allt í himnalagi að byggja á grænum svæðum þar sem borgar búa r noti þau ekki. Því miður grunar mig að sú sé ætlinin.
- Minni á að sinna vel grunnþörfum Borgarbúa og þá mun allt fara vel.
- Nýta ve finnen meir!
- Þarf að gera allar umsóknir borgarinnar rafrænar.
- Til dæmis mætti sýna verð á Menningarkorti.
- Vantar að ná sambandi í gegnum netföng sem var hægt áður fyrr.



Sp. 39. Viltu taka eitthvað annað fram í sambandi við vefsíðu borgarinnar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) eða Rafræna Reykjavík/mínar síður?


## NEI / VEIT EKKI

- Nei (80 sem nefndu það).
- Nei takk (2 sem nefndu það).
- Hef enga skoðun á því.
- Nei!
- Nei, en vil koma til skila hvað mér finnst Borgarvefsjain frá bær.
- Nei bb.
- Njet. Einfalt og þægilegt viðmót.
- No.
- Notað hana ekki neitt.
- Notað lítið og þekki ekki vel fyrir við.
- Nothing.
- Þyrfti að skoða hana aftur til að geta svarað því.
- Veit ekki.




## 40. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Facebook-síðu Reykjavíkurborgar?


	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	60	11.3%
Frekar ánægð(ur) (4)	147	27.8%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) (3)	299	56.5%
Frekar óánægð(ur) (2)	14	2.7%
Mjög óánægð(ur) (1)	8	1.6%
Gild svör	529	100.0%
Hef ekki séð Facebook-síðu Reykjavík..	1,472	61.4%
Veit ekki/Vil ekki svara	260	10.8%
Svöruðu ekki	138	5.7%
Heildarfjöldi	2,400	100.0%




Meðaltal: 3.45  
 Vikmörk (±): 0.07  
 Staðalfrávik: 0.79



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti valmöguleikinn fær gildið 5, neðsti valmöguleikinn gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.




## 40. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Facebook-síðu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 40. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Facebook-síðu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 40. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Facebook-síðu Reykjavíkurborgar?




Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 41. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Twitter-síðu Reykjavíkurborgar?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	17	12.2%
Frekar ánægð(ur) (4)	27	19.0%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) (3)	85	60.8%
Frekar óánægð(ur) (2)	6	3.9%
Mjög óánægð(ur) (1)	6	4.0%
Gild svör	140	100.0%
Hef ekki séð Twitter-síðu Reykjavíkur..	1,923	80.1%
Veit ekki/Vil ekki svara	184	7.7%
Svöruðu ekki	153	6.4%
Heildarfjöldi	2,400	100.0%




Meðaltal: 3.31  
 Vikmörk (±): 0.15  
 Staðalfrávik: 0.88



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem efsti valmöguleikinn fær gildið 5, neðsti valmöguleikinn gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.



## 41. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Twitter-síðu Reykjavíkurborgar?




Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.






## 41. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Twitter-síðu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 41. Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Twitter-síðu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 42. Hefur þú reynslu af íbúasamráði hjá borginni síðastliðin 3 ár?




Svarmöguleikarnir voru birtir á eftirfarandi hátt:

Já, Betri hverfi/Hverfið mitt (árleg hugmyndasöfnun meðal íbúa, svo rafræn kosning um smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefni í hverfum borgarinnar, kosin verkefni eru framkvæmd).

Já, Betri Reykjavík (samráðsvettvangur á netinu þar sem fólk setur fram hugmyndir um ýmis svið borgarinnar, efstu hugmyndir eru mánaðarlega sendar fagræðum til afgreiðslu, afgreiðsla fagræða að lokum sett á vefinn til upplýsingar).

Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika.



## Sp. 42. Hefur þú reynslu af íbúasamráði hjá borginni síðastliðin 3 ár?

### Annað


- Aðeins búið hér í 1 ár. Skoðanir ekki fullmótaðar.
- Ánægður með það sem hef.
- Átt í nánnum samskiptum við borgarfulltrúa.
- Búin að gefast upp á lagfæringum í mínu nánasta umhverfi. Þývið Sogaveg og þar eru botnlangarnir ENN malargötur og springa vatns- og skólprör á hverjum vetri sl. 38 ár!
- Ég hef einu sinni sent póst til Reykjavíkurborgar um vissa hluti sem mætti betrumbæta, en því var ekki einu sinni svarað!
- Ég hef sent tölvupóst til Skipulags- og Samgönguráðs v/breytingar á deiliskipulagi og lýst óónægju íbúa í götunni minni Furugerði.
- Félagsmiðstöð.
- Foreldraþorpið.
- Fundi.
- Gallað, ekki hægt að velja sumu reyti.
- Hef reynt að ræða við starfsmann í síma, ekki vel tekið.
- Hef sent e-mail á hverfastöð sem ekki var svarað.
- Hef sent kvörtun/ábendingu með tölvupósti.
- Hef sent skipulagssviði tölvupóst.
- Hringt og kvartað vegna Secret Solstice og það hafði ekkert að segja!
- Hringt.
- Húmbúkk.
- Hverfaráð.
- Hverfaráð.
- Í höndum Pírata er öllu drepið á dreif.
- Í starfi í samskiptum við umhverfis og skipulagssvið.
- Já, ég hef sent inn undirskriftasöfnun gegn skipulagsbreytingu sem gerð var við götuna mína, en ekki var tekið mark á sjónarmiði íbúanna.
- Já, en ekki góða.
- Já, hef sent borgarstjóra email.
- Kvíkmynnaþorpið í Gufunesi.
- Lenti í einhverjum rýnihópi sem Capacent stýrði.
- M.a. fyrirspurn um sorplát.
- Málum ekki svarað.
- Mjög slæma vaðandi frá mkvæmdir á lóð Hraunteig 3 við hliðina á okkur sem við teljum ekki samkvæmt reglum.

### Annað - frh.

- Munnlegar ábendingar til borgarstjóra og annarra ráðamanna.
- Reynt að fá lag á snjómokstur án árangurs í 16 ár.
- Sit í Hverfisráði fyrir hönd Íbúasamtaka Árbæjar.
- Þið hlustið ekki á fólkið.
- Tölvupóstssamskipti.
- Borgarfulltrúar taka ekki til greina ábendingar sem þeim eru sendar og fara sínu fram án tillits.
- I have complained about our parking being taken away from us.
- Séð umræðu.
- Sendi inn erindi. Ekkert svar!
- Sent athugasemdir, ábendingar.
- Þið hlustið ekki á fólkið.




## 42. Hefur þú reynslu af íbúasamráði hjá borginni síðastliðin 3 ár?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 42. Hefur þú reynslu af íbúasamráði hjá borginni síðastliðin 3 ár?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 42. Hefur þú reynslu af íbúasamráði hjá borginni síðastliðin 3 ár?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 43. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betra hverfi/Hverfið mitt?




Aðeins þeir sem hafa reynslu af íbúasamráðinu Betri hverfi/Hverfið mitt (sp. 42) fengu þessa spurningu.

Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika.

Orðalag svarmöguleikans „Hef sett inn með- eða mótrök“ var óljósara í febrúar 2017 en þá var orðalagið „Hef tekið þátt í umræðum“.

Svarmöguleikinn „Hef kosið“ var bætt við í desember 2017, í febrúar 2017 var svarmöguleikinn settur inn eftir kóðun opinna svara.








Sp. 43. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betra hverfi/Hverfið mitt?

**Annað**

- Fylgst með án tjáningar.
- Fylgst með kosningum og niðurstöðum.
- Fylgst með.
- Hef a uglýst þetta verkefni mikið í gegnum Facebook og í heimahúsum.
- Hverfi sráð, stuðning við verkefnið í hverfinu ýmis önnur vinnu og fundir.
- Unnið við útfærslur.




## 43. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betra hverfi/Hverfið mitt?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 43. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betra hverfi/Hverfið mitt?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 43. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betra hverfi/Hverfið mitt?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 44. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betri Reykjavík?



Aðeins þeir sem hafa reynslu af íbúasamráðinu Betri Reykjavík (sp. 42) fengu þessa spurningu.

Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika.

Orðalag svarmöguleikans „Hef sett inn með- eða mótrök“ var óljósara í febrúar 2017 en þá var orðalagið „Hef tekið þátt í umræðum“.




Sp. 44. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betri Reykjavík?

**Annað**

- Fylgst með.
- Gróðursett tré.
- Kosið aðra og betri borgarstjórn, til að hreinsa og stórminka yfi rbyggingu og óþarft kerfisbákn.


## 44. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betri Reykjavík?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 44. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betri Reykjavík?




Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.






## 44. Með hvaða hætti hefur þú tekið þátt í Betri Reykjavík?




Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 45. Í hvaða málaflokkum hefðir þú áhuga á að hafa áhrif á þjónustu Reykjavíkurborgar?



Hér var hægt að nefna fleiri en einn svarmöguleika.




## 45. Í hvaða málaflokkum hefðir þú áhuga á að hafa áhrif á þjónustu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.




## 45. Í hvaða málaflokkum hefðir þú áhuga á að hafa áhrif á þjónustu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## 45. Í hvaða málaflokkum hefðir þú áhuga á að hafa áhrif á þjónustu Reykjavíkurborgar?



Aðeins er greint eftir bakgrunni ef svarendur eru 5 eða fleiri.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### ÁRBÆR

- Nei (11 sem nefndu það).
- Að hafa fleiri tunnur til flokkunar.
- Að sætta sig við að bíllinn er ekki á förum og sjá til að maður geti gengið um á göngustígum. Án þess að vera hjólaður niður.
- Að virða starfsmenn sem vinna við umönnun. Við erum líka fólk.
- Auka við hjólastíga. Þeir eru margir nú þegar, en þurfa að vera fleiri þar sem margir nota hjólið sem fararskjóta í meira mæli en áður.
- Betra skipulag. Búa til miðbæ með öllum þjónustufyrirtækjum, yfirbyggðan með kauffihúsum, veitingastöðum og bar þar sem hægt er að hitta fólk og upplifa líflægheit.
- Betra tengslanet strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu.
- Betri áætlanir, cost/benefit o.fl. slíkt.
- Betri þjónusta við faðlaða!!
- Borgarleikskólakennurum betri laun svo hægt sé að menna leikskólanna. Það er ekki hægt að bjóða upp á þessa biðlista og óvissu fyrir foreldra lengur.
- Borgarlínu upp í Árbæ.
- Borgin þarf að svara þeim bréfum sem hún fær.
- Byggja svæði þar sem auðvelt er að setja upp náttúrusvell til skautaiðkunar þegar veðurfar leyfir.
- Ég vil geta sent ábendingar smáar sem stórar í tilgreind netföng án þess að þurfa að hringja.
- Ég vil hafa eina tunnu fyrir pappa og plast með hólfi fyrir lífrænt annað hvort í endurvinnslu tunnu eða sorptunnu.
- Einfalda boðleiðir og markvissari á kvarðanatöku.
- Ekki að svo stöddu.
- Ekki fara áfram með Miklubraut í Stokk. Það á frekar að rífa öll húsin við Miklubraut og breikka Miklubrautina á 3+3. Fólk sem þar býr getur ekki selt húsin sín og ætti að vera auðvelt að gera eignanám.
- En það þarf að setja meiri kraft í hvatningu og aðstöðusköpun til byggingaraðila íbúða húsnæðis þannig að á næstu árum komi margar litlar hagkvæmar íbúðir inn á markaðinn til að lækka húsnæðisverðin.
- Fleiri bílastæði bæði við íbúðarbyggð og miðbæ.
- Fleiri kennaramenntaða í skólana, hafa námið 4 ár og eitt ár í praktík, ekki leyfa fólk að kenna nema með réttu leyfisbréfin, en þó geta aðrir verið stuðningur eða í starfsnámi...hefundið mikinn mun á menntun barna minna milli sérfræðings og þess sem ekki er með menntun til kennslu með þessum grunnskólabörnum enda ekki sama að kenna og vera með próf úr háskóla ótengt menntun barna. Hver myndi fara til tanlæknis til að athuga húðvandamál.
- Fleiri ruslafötur við Árbæjarsafn og Árbæjarstíflu. Fleiri bekki. Betri gangstéttir fyrir fótgangandi.
- Foreldrar sem fá/kjósa ekki þjónustu dagforeldra fá niðurgreiðslu Reykjavíkur.
- Frekari flokkun á rusli gerð a uðveldari og aðgengilegri Snjómokstur fyrr eftir þunga snjókomu Örari strætóferðir og hvatningu til að taka strætó.
- Getuskipting í 8-10 bekk grunnskóla. Betri húsnæðismál til að ungt fólk geti keypt sitt fyrsta húsnæði, smáar viðráðanlegar íbúðir sem eru ekki í úthverfi lengst í burtu.
- Greiðleið fyrir einkabílinn vestan frá sjó og austur úr ásamt Sæbraut.
- Hætta að byggja á svæðum sem leifa enginn bílastæði.
- Hætta fjárustri í dekurverkefni embættismanna og pólitíkusa (braggaruglið, Hlemssjoppa, ýmsar fémínistasilkihúfunefndir og pólitískar afur batapíkur sem hanga á spena útsvarsgreiðenda án vinnuframlags) - meira til lögboðinna verkefna.
- Hef sent inn ábendingar á vef borgarinnar - þær fá númer - en hef aldrei fengið svar! ábendingar viðast enda í svarholi. Tími er kominn á meira samráð við borgarbúa - um hvernig borgin lítur út - skipulagsmál - umferðamál og fleira. Stjórn borgarinnar ætti að leita eftir álit borgarbúa - og taka mark á því sem borgarbúar hafa fram að færa. Líka þegar borgarbúar kvarta og kæra. Ekki bara semja lögfræðilít. Hverfarad mætti leggja niður í þeirri útgáfu sem núna er - hef aldrei heyrt um neitt sem hverfarad í Árbæ hefur ákveðið - óþarfa launakostnaður.
- Hirda sörp oft, greiða fyrir bílaumferð, slá grasið, moka snjóinn, svona í grundvallaratriðum það sem allar borgir þurfa að sinna þokkalega!
- Hlusta á íbúa ekki valta yfir þá líkt og gert var í breytingu á skipulagi í Norðlingaholt.
- Hreinsa borgina. Bæta samgöngur.
- Huga betur að lagfæringum á gangstéttum og bílastæðum.
- Huga betur um skólendi í mínu hverfi brotin tré og greinar sem ekki er hirt um að klippa né grísa.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### ÁRBÆR - FRAMHALD

- Íbúakosning um öll stærri mál, ekki eingöngu um viðhalds og umhirðu mál líkt og hverfis kosningar snúast um. Jafna aðstöðu og fríðindi allra starfsmanna borgarinnar. Jafna/samræma aðstöðu leik- og grunnskólabarna milli skóla í leik og starf. Færa fulltrúa barnavendar á þjónustumiðstöð Arnar til að efla snemmtæka íhlutun í nærumhverfi barna og fjölskyldna áður en vandin verður stærri og erfiðari. Viðureignar. Staðsetja félagráðgjafa og sálfræðinga í skólum borgarinnar. Gera fjölskyldumeðferð og ráðgjöf að parti að daglegu lífi nemenda og fjölskyldna. Efla sorphirðu og bæta aðstöðu til flokkunar í heimahúsi.
- Já, íþrótta svæðið Úlfarsárdal.
- Já. Það þarf að stokka upp hjá borginni svo allt skattfé fari ekki BARA í að viðhalda sjálfu sér. Kæmust vel af með 1/3 yfirstjórnar og byltinga.
- Laga umferðarljós á gatnamótum Höfðabakka og Bildshöfða þau eru ekki rétt stillt. Svo mættu fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar vera hærrí þau eru nú um 170 þúsund krónur eftir skatt fyrir einstakling sem býr í félagslegu leiguhúsnæði.
- Mér finnst að það mætti gera úthverfin fallegri og snyrtilegri á sumrin og um jólin. Engar sérir eða lýsingar eru settar upp í Árbæjarhverfinu, bara ekkert jólalegt. Og það má benda á að við kjarnann þar sem Borgarbókasafnið er - er bara druslulegt - arfi í beðum. Hringtorgin í Grafarvogi eru til fyrirmyndar en ekki í Árbæjarhverfinu.
- Norðlingaholt ætti að vera annað pósthúsnúmer 110 eða einhvern veginn skilið þarna á milli. Hverfið verður algjörlega útundan í plönnum hverfaráðs Árbæjar. Í íbúakosningum erjafnframt út í hött að íbúar í Ártúnsholti eigi að vera að kjósa um hvort það verði máluð bílastæði við leikskólann Rauðhól (og öfugt í þannig málum) Upplýsingar um hverfaráð ættu að vera aðgengilegri (s.s. hvernig er skipað í þau, hvaða fjármagn þau fá o.p.h.).
- Ný stræti svagnaskýli í Árbæ. Á Sumum stöðvum í Selás eru engin skýli og önnur eru eld gömul. Algjörlega til háborinnarskammar. Þarf að lagfæra strax.
- Of stórt batterí. Flækjustiggríðarlegt. Stundum er upplifun sú að maður eigi að finna fyrir flækjustiginu svo maður nenni nú örugglega ekki að hringja aftur í RVK. Boðleiðir slæmar. Sem sagt falleinkunn.
- Sé hlustað betur á ábendingar.
- Setja upp göngubrýr yfir Miklubraut, Bæði við Kjarrvassstaði og við 365 húsið og taka gönguljósin í burtu, þau eru tappar í flöskuhálsi aðal umferðaræðar.
- Setja upp umferðarspegil við Hólmað 20 til 24 mjög nauðsynlegt.
- Skipt um borgarstjóra.
- Sérstaklega borgarstjóra.
- Slá oftast grasbletti í eigu borgarinnar.
- Sópa götur og gangstéttir miklu oftast til að minnka rykið í borginni og bæta loftslagsgæði.
- Sorphreinsun um alla borg. Vantar víða tunnur og tínara. Borgin er ekki bara afmörkuð svæði. Stórir partar eru alltaf útundan.
- Strætó og hjólastíga (mokstur).
- Það er alltaf mikið af stjórum og yfir mönnum sem taka ekki á þeim vanda sem koma upp. Ég veit ekki hvort það er vegna þess að þeir hafa eða mega ekki, eða hreinlega eru ekki starfi sínu vaxnir.
- Það held ég ekki.
- Það má alltaf leggja fleiri góða stíga og aðgreina enn meira hjólaumferð og umferð gangandi vegfarenda.
- Þjónusta við eldri borgara húsnæði fyrir fólk sem ekki getur verið heima og á ekki heima á sjúkrahúsi byggja dvalarheimili aðra og hætta þessum hótélbyggingum.
- Þrifa betur götur og oftast.
- Tryggja að verktakar fylgi skipulagi hverfisins. T.d. ekki fleiri íbúðir né heldur fleiri hæðir ef skipulagið sem fyrir er segir að það megi byggja ákveðið margar hæðir í fjölbýli. Ekki láta verktaka stjórna hverfaskipulagi.
- Vera vakandi.
- Vil að borgaryfirvöld setji reglur um meðferð fjár til tómsunda barna þannig að ekki sé mismunað og að þær reglur standist á kvæði í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### BREIÐHOLT

- Nei (8 sem nefna það).
- Nei takk (2 sem nefna það).
- Að oftar færi fram snjómokstur og grassláttur.
- Allt sem við kemur þriðnaði og snjómokstri borgarinnar.
- Alvöru hundagerði!
- Alvöru samráð um eitthvað sem skiptir máli og hefur áhrif.
- Auka gróður meðfram stórum götum, febrúar og grípur svifryk.
- Bara allt lækka fasteignagjöld.
- Betri þrif, hálkvarnir, hætta að setja það sem ætti að vera almennum umhirða og umhverfisvernd undir hugmyndasamkeppni! Reka borgarstjórn og hólú-Hjalmar!
- Dýra athvarf nauðsynlegt. Talið við Von dýraskjól.
- Ég bý ofarlega í botnlanga í götu og til þess að komast heim til mín þarf ég að fara yfir 5 hraða hindranir á um 500 metra leið og eru hraðatakmaðar af 30 km akstri. Er þetta eðlilegt ég hef hvergi lent í neinu þessu líkt og á einum stað er um 25 metrar á milli þrátt fyrir að það eru tveir göngustígar yfir götuna sem eru ekkert merktar og eru hraða hindarnar ekki á þeim stað sem göngustígar fara yfir götuna. Þetta erum við ekki sátt við og börðumst fyrir að það yrði lagfært en það hefur bara verið hunsað. Bakvið húið mitt er göngustígur sem var ekki gert ráð fyrir á upphaflegu skipulagi en nú er hann opið svo það er orðin heilmikil umferð um þennan stíg var honum lokað um smá tíma en er opið öllum farartækjum. Það er um meter frá lóðarlegu í mínu húsi í þessa umferð og hefur það komið fyrir að hefur verið keyrt inn í garð hjá okkur. Væruð þið sátt í Borgarstjórn að hafa svona við húsgafinn hjá ykkur. Ég vil helst að þessum stíg væri lokað nema fyrir gangandi börnum og öðrum til að fara á milli hverfa. Með fyrir fram þakklæti þætti mér vænt um að þetta væri skoðað og farið yfir. Kveðja S.Ó.
- Ég sendi einu sinni á þessu ári á bendingu á netfang strætisvagna R-víkurborgar, - á stæðan var sú að lengi hafði ég horft á fráleita merkingu sumra vagnanna, þ.e. merkingin er ekki á leið - en venjulega eru þeir á leiðinni eitthvað þegar ég sé þetta í umferðinni. Mætti ekki merkja þetta ekki í þjónustu eða utan þjónustusvæðis, eða merkja þá á einhvern skiljanlegan hátt. Í Hollandi er þetta „buiten dienst“ (ekki í/utan þjónustu) og fleiri skiljanlegar merkingar hef ég séð, - ekki þó á Íslandi!!!
- Einfaldara kerfi. Fleiri valkostir.
- Ekki vera í samstarfi við kennitölufلاكara. World Class og prime tours t.d.
- Fjölga bílastæðum fyrir særri bíla eins og sendibíla á Seljabraut.
- Garðsláttur og umhirða mætti vera betra - kannski með því að efla framkvæmdavilja borganna sjálfra í samráði við borgina.
- Greiða leið bíla um t.d. Miklubraut, þá verður miklu minni mengun, heldur en í allri þessari biðalltafendalaust. Þegar maður er hætta að geta gengið eða hjólað sakir heilsvandamála, þá er þetta algerlega óþolandi ástand, mér finnst að verið sé að úthýsa mér úr borginni fyrir bragðið.
- Hætta peningasóun í galnar fjárfestingar. Lækka skuldir. Efla grunnþjónustu.
- Hætta við borgarlínu sem engin mun nota frekar en strætó það þarf að stækka gatnakerfið!
- Hafa niðurföllin þvert yfir göturnar þá lostum við vaðnið sem rennur eins og lækir um göturnar þær þornfirningar flóða hætta minni salt austur para peninga.
- Halda stórum opnum svæðum. Ekki þetta byggð!
- Held ekki. Mínar athugasemdir komu fram fyrir þessari könnun.
- Íbúar húsnaði fyrir fatlaða og almennt málefni fatlaðra.
- Klára Sundabraut.
- Laga gatnamót breiðholtsbraut/bústaðavegur Gera útskot fyrir strætisvagna stoppistöðvar, hættulegur frá múrakstur. Sinnið gamla fólkinu okkar og sýnið þeim virðingu.
- Mætti setja meiri áherslu á sá nemmtæka íhlutun barna og ekki tengja aðstoð við greiningu frá greiningarstöð þar sem það er svo löng bið eftir því.
- Mætti þvo götur oftar til minnka svifryk.
- Malbikað betur og sjaldnar, Halda næturstrætó, auk þessa að seinasta ferðin á öllum leiðum ættu að fara eftir 4 annars að vera bara á klst. fresti frá 24:00.
- Markvissari og styrkari stjórn og steinhætta að eyða fjármunum okkar borgarbúa í óþörf gælverkefni. Tel að þannig sparist fé í brýnustu þjónustu borgarinnar.
- Minni áhersla á miðborgina og meiri á úthverfin, þ.e. ja fnari á hersla.
- Minnka græn svæði minni umhirða lagfæra götur betur malbika meir mislægt gatnamót fjölgja íbúðum fyrir fólk í vanda félagslegt húsnæði.
- Nýjan meiri hluta :).
- Og mikið í boði fyrir fólk sem metur tómrúmshugsunarhált fólks á skrifstofu borgarstjóra.
- Samgöngumálin eru óþolandi, sit föst í bílnum í allt að klukkutíma frá Breiðholti ofan í bæ og til baka á annatíma. Stillingar ljósa eru út í hött og gönguljós við Klambratún og 365 miðla gera allt verra. Finna þarf leiðir í að laga þetta hið fyrsta, með undirgöngum eða göngubrúum.





## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### BREIÐHOLT - FRAMHALD

- Setja meira í almenna kosningu. Greinilega er ekki hægt að treysta ráðandi meirihluta fyrir fjármunum borgarinnar eins og t.d. breytingu á Grensársvegi og Braggamálinu. Síðan er verið að kjósa um samtals 70 m.kr. sem er í engu samræmi við það sem er að setja í verkefni eins og ég nefni hér fyrir ofan. Ef verið er að tala um lýðræði þá þarf að láta fólk ráða meiru um hvert fjármunirnir fara. Alvöru verkefni, alvöru fjármuni.
- Skilvirkari flokkun og fleiri greindarstöðvar, vantar að veikja áhuga fólks á mikilvægi flokkunar. Vantar að gera aðgengi að flokkunarilátum aðlagandi og sjálfssagða.
- Slá gras og sópa stíga, þegar sandurinn er fleiri mánuði ársins á stígum heldur en ekki þá er eitthvað að. Það tók fram í júní að sópa síðustu stígana í mínu hverfi.
- Slá og hirða borgina betur á sumrin, moka og sanda eða salta göturnar og skafa þær á veturna. Hafa hreinsibúnað á skólpi í lagi. Lækka verð í sundlaugarnar fyrir borgarbúa. Manna stöður leikskólanna, styðja af alvöru við dagmæður. Reyna að fjölga ferðum strætó og ókeypis í strætó upp í 18 ára. Hætta að bruðla með skattheimtufé borgarbúa og fyrirtækja.
- Snjó og hálkuvarnir eru í rusli allavega hérna í Seljahverfinu.
- Snjómokstur og betri hálkuvarnir í ísingu.
- Svör í tölvupósti, meira gegnsæi með umsóknir.
- Það mætti hækka laun leikskólakennara svo hæft fólk fengist í störf sem eru auglýst og þá færi að ganga eitthvað á þessa bíðlista inn á leikskólana. Slæmt að þurfa að vera heima með 2 ára barn þegar borgarstjóri lofar plássi fyrir öll börn frá 12 mánaða. Ef foreldrar ungra barna eru ánægðir og áhyggjulausir með daggæslu, þeir hinir sömu og eru að stækka við sig og borga hærri fasteignagjöld og annað til borgarinnar, þá eru þeir ánægðari kjósendur.
- Það þarf að draga úr hraða hjóleiðafólks það er stórhættulegt. Það þarf að stórauka bílastæðum og aðvelda aðgengi á bifreiðum.
- Það væri gott ef að öllum ábendingum og fyrirspurnum væri svarað.
- Það væri helst að kjörnir fulltrúar efndu gefin kosningaloforð en sviku þau ekki eins og vírið stórðin venja þess fólks sem kemst í borgarstjórn.
- The bus stræto they should be on time most especially in the first trip in the early morning many times the first trip stræto is late then I also be late at work. I hope this survey can help a little about how the bus is especially the morning first trip. I hate being late I am on time in waiting area but then bus didn't

### GRAFARHOLT / ÚLFARSÁRDALUR

- Nei (14 sem nefndu það).
- Að borgin hætti að byggja bragga en noti peninginn frekar í að byggja upp íþróttastöðu Fram.
- Að erindum sé svarað þegar sendar eru beiðni.
- Að laga stjórnsýsluna.
- Að svara erindum og skilaboðum. Það er eins og maður sé að skrifa til ljósastaur og tala við reykinga háf engin eru svörin.
- Að það sé slegið á sumrin svo njólarinn og illgresið vaxi ekki óareitt og almennt að hafa borgina þrífalega og þá á ég við út fyrir 101.
- Afstaða hestafólks þar á ég við losun frá hestúsum nú er þetta mikið vesen og ótrúlegt að borgin nýti sé ekki þennan úrgang á gróðursnaðum svæðum borgarinnar.
- Alltaf samgöngurnar.
- Almennt þarf að gera átak í umhirðu í mínu hverfi Úlfarsfelli og Grafarholti. Eins mætti gera meira fyrir útivistarsvæðið í Úlfarsfelli og í stígakerfinu þar í kring, sem er algjör paradís t.d. með fleiri bekkjum og ruslatunnum. Frágangur með þeim stígum sem gerðir hafa verið í Úlfarsárdal hefur ekki verið fallegur, ekki verið að lagað vel að núverandi náttúru, né reynt að planta t.d. trjáplöntum til að skapa meira skjól á þessum stígum til að auka notkunarmöguleikana í öllu veðri. Almennt í borginni mætti auka t.d. sópun bæði á stígum/stéttum en einnig á götum t.d. til að minnka svifryk og bara ryk sem fýkur um á þurrum köldum dögum. og gerir borgina skítugri en þú þarf að vera.
- Bæta almenningssamgöngur í Grafarholti.
- Betri almenningssamgöngur í úthverfin og á milli úthverfa.
- Betri grunnþjónusta við úthverfin. Snjómokstur og grassláttur.
- Borgarlína.
- Efla þarf strætó kerfið, með því að taka upp minni bíla sem safna farþegum sérstaklega í úthverfum og skila inn á stærri stöðvar. Hverfa þarf frá skólum þar sem atvinnustarfsemi er úthýst út úr borginni og blanda frekar byggð með bæði atvinnu og íbúða byggð. Það er ein leiðin til þess að fá almenning til að ganga eða hjóla í vinnuna að hafa stutt í vinnuna.
- Ekki gleyma að ryðja snjóinn af Andrésbrunni þegar hann kemur, gleymist stundum í nokkra daga!
- Fækka borgarfulltrúum.
- Félagsbætur og húsnæðismál í 100% forgang yfir allt annað.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### GRAFARHOLT / ÚLFARSÁRDALUR - FRAMHALD

- Fleiri mislæg gatnamót.
- Flokkun sorps mætti vera betra, s.s. fleiri tunnur með flokkun við heimili.
- Gera borgarþjónu ábyrga fyrir umhverfi sýnu t.d. laust rusl.
- Gera eitthvað fyrir Úlfarsárdal áttina að sjálfbærni hverfi sem var lofað fyrir 12 árum.
- Hlusta betur á íbúana Borgarstjórn ætti að segja af sér.
- Hreinsa hana reglulega. Ég nenni ekki að fara í gönguferð ef augun mín fyllast af sandi og malbiki. Sópa reglulega.
- Já, við fjölskyldan fluttum frá Akureyri til Reykjavíkur fyrir rúmu ári síðan og borgin er mörgum árum á eftir t.d. Akureyri í málum sem tengjast flokkun. Við fjölskyldan vorum búin að vera að flokka allt þar á meðal lífrænan úrgang í nokkur ár, eftir að við fluttum er það ekki í boði. Það er ekki einusinni í boði að flokka plast í blokkinni sem ég bý í. Þetta er eitthvað sem borgin þarfa að bæta úr og þá strax. Það þarf að setja reglur fyrir íbúa um að flokka allt, þar á meðal lífrænan úrgang. Mér finnst að borgin ætti alfarið að sjá um sorpmál. Þetta er ekki flókið en það þarf greinilega að upplýsa fólk betur og kenna því að flokka. Einnig myndi ég nota strætó meira ef leiðarkerfið væri betra og hverferð væri ódýrari.
- Meiri samráð við íbúa þegar kemur að þéttingu byggðar. Meiri viðing við íbúa - ekki bara innantómt þvaður um viðingum sem á sér svo litla stöð í raunveruleikanum.
- Meiri þátttaka íbúa.
- Meiri þjónustulund yfirmanna.
- Meiri hlutinn mætti taka ábendingar minnihlutans alvarlega.
- Mér finnst umhirða ekki nógu góð á sumrin eins og t.d. sláttur og gróðursetning á hringtorgum.
- Nei dettur ekkert í hug.
- Nýr borgarstjóri.
- Opín Laugaveg fyrir bílum allt árið.
- Raða í forgangsröð RÉTT.
- Samgöngumál mætti bæta. Það ætti að vera hægt að ferðast frá einum enda borgarinnar til hins á innan við klukkutíma. Flokkun rusls í Reykjavík er afarlega miðað við önnur sveitafélög. Það er ekki hægt að flokka plast t.d. í mínu hverfi. Meiri þjónustuvantar í Grafarholt / Úlfarsárdal. Kaffihús, bakarí, nýta fallegu útivistarsvæðin betur - hafa aðstöðu til að grilla á sumrin og leika, t.d. við Reynisvatn. Eitthvað svona opið svæði með „náttúrulegum“ leiktækjum (eins og í Gufunesbæ t.d.).
- Samgöngumál, ekki rétt forgangsröðun.
- Samgöngur(strætó). Það er ekki næturstrætó í Grafarholti þar sem það eru margar stúdentabúðir. Betri snjómokstur á gangstéttum og götum.
- Skafta íbúum lóðir á eðlilegu verði, afnema markaðsvæðingu lóðaverðs.
- Skipulagsráð - það þarf að skipta út starfsfólkinu sem ræður þar.
- Snjómokstur á minni götu og gangstéttum verulega ábótavant. Grassláttur og almenn umhirða verulega ábótavant.
- Sópa oft og þrifa göturnar.
- Stilla umferðarljós betur og vegakerfi.
- Strætóferðir.
- Það mætti efla hvefastöðvarnar í borginni og fækka millistjórnendum.
- Það þarf að laga heimasíður þjónustumiðstöðvanna. Algjörlega ótækt að geta ekki fundið netföng fagfólksins sem þar starfar.
- Það þarf nauðsynlega að hreinsa stígana í mínu umhverfi oft og vegna glerbrota. Það sprakk 5 sinnum á hjólinu mínu í fyrra en ég hjóla á alla þjónustu og heimsóknir í Grafarvog og Grafarholt.
- Þrifa borgina betur.
- Þrifa borgina í úthverfum eins og í miðbænum.
- Um þessar mundir eru mörg umferðarmerki mjög skítug svo endurskin er ekkert af þeim af bil ljósum. Borgin mætti einnig beita sér fyrir því að lögreglan sé sýnilegri og lengur opið á hverfisskrifstofum en til kl. 16:00.
- Vantar að byggja upp innviði í Grafarholti. Vantar hverfisverslun, kaffihús, sundlaug.
- Vantar zebra brautir á Borgartún, eru nokkrir staðir sem eru gerðir eins og til að fara yfir götuna en bilstjórar stoppa afar sjaldan fyrir manni því það er ekki gangbraut máluð á götuna. Stórhættulegt að komast yfir í næsta strætósýli á köflum.
- Vega framkvæmdir sem greiðir fyrir umferð.
- Veit ekki, er mest til í að flytja úr þessari okur borg.
- Veit ekki.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### GRAFARVOGUR

- Nei (14 sem nefna það).
- Veit ekki (2 sem nefna það).
- 1. Þrifa göturnar af og til, væri það ekki snjallræði? 2. Við samlegast hættið að dæla nýbyggingum í Grafarvoginn, þetta er þegar stærsta hverfið og það ræður ekki við mið meira affólki.
- Allt.
- Betri framkoma, viðtalstímar með borgarstjóra.
- Betri leikskólaþjónusta.
- Betri samgöngur fyrir einkabílinn.
- Ég tel farsælast að allar upplýsingar séu á einum stað frekar en að hinn almenni borgari þurfi að fara inn á marga félagsmiðla til að leita að upplýsingum og koma skoðunum sínum að.
- Ekki að sinni.
- Ekki loka götum borgarinnar eins og Laugaveginum, nema hafa ókeypis almenningsamgönguleið eins og sérstakan vagn sem gengur þá leið. Annars flyst öll heilbrigð atvinnustarfsemi við slíka götu á brott og þar þrifa bara starfsemi sem hinn almenni borgari hefur ekki sérstaka þörf fyrir.
- Fækka vanhæfum embættismönnum.
- Finnst oft að úthverfi eins og Grafarvogur mæti afgangi í þjónuðu hér er óásættanlegt að nota almenningsamgangöngur tekur alltof langan tíma og þarf að skipta of oft um strætó bara til að lokast niður í „Reykjavík“ fyrir klukkan 08:00 á morgnanna ungmenni sem eru í frámhaldsskólum og þurfa að vera mætt um 08:00 þurfa að taka strætó 06:50.
- Fleira starfsfólk sem hefur áhuga á því sem þau eru að gera.
- Flokka meira rusl og finna leiðir til að endurvinna það hér.
- Gatnamál í ólestri. Ekkert er gert til að greiða umferð. Ekki er hugsað jaft um hag allra. Sumir vinna vaktir eða þurfa að mæta á sjúkrahús með veikt fólk og ekki er hægt að nota almenningsamgöngur til þess. Það verður að gera miklu fleiri mislæg gatnamót, fjölga akreinum og samþykkja það að fólk á og notar bíl. Maður hefur á tilfinningunni að það eigi að neyða fólk með góðu eða illu til að eiga ekki bíl sem er alveg nauðsynlegt fyrir fólk í hverfi 112.
- Hætta að einblína á aðförina gegn einkabílum, það eiga allir að geta búið í borginni, líka þeir sem kjósa að vera ekki í eða við miðbæinn.
- Hætta þessu fjáraustri í allskonar aðra hluti en lögmætt hlutverk Reykjavíkurborgar er, skera niður kostnað á starfsmönnum Dags borgarstjóra yfirbygging of mikil og setja umönnun á eldra fólkinu í betri farveg.
- Já, greiðari samgöngur. Styðja betur við flokkun sorp.
- Já, það þarf að bæta þriðin í borginni. Forgangsráða í þágu þeirra sem búa þar. Fara hægar í listir og gælverkefni. Endurskoða kostnaðaráætlanir. Reykjavík fær felleinkunn í mínum huga. Hef reynt að benda á til að bæta en það er aldrei hlustað á íbúa. Sýndarsamráð.
- Koma með félagslegar lausnir á húsnæðisvanda borgaranna.
- Leggja meiri þunga í eftirlit á opnum svæðum, göngustígum og lýsingu þeirra, og bregðast hraðar við til að lagfæra það sem er í ólagi.
- Leikskólaþjónusta fyrir yngsta stig er stórkostlega á bótavant.
- Leyfið íbúum að kjósa um eitthvað af stóru verkefnum líka.
- Mæla borð fyrir borgarbúa.
- Málefni eldri borgara.
- Mjög illa hreinsaðar göturnar þegar snjóar, og ef tæki koma loksín til þessað moka þá setja þeir snjóinn upp að inkeyrslum sem hafa kannski verið ný mokaðar þá þarf að moka aftur, mjög óánægður með þessaþjónustu. Svo eru göngustígur í gegnum hverfið meðfram húsinu mínu sem liggur bein upp í Borgarskóla aldrei mokaður, þó ég sé búinn að fara 100 ferðir til þessað benda á það.
- Nauðsynlegt að fjölga íbúða húsnæðum.
- Ný og betri forgangsröðun fjármuna borgarinnar.
- Oft mjög sein viðbrögð.
- Pólitíkta ki starfsfólk Rvk. til fyrirmyndar, sýni sama viðmót og starfsfólk.
- Samgöngumál brenna á íbúum úthverfanna. Almenningsamgöngur eru jú framtíðarmúsík, en endalaust aðgerðaleyfi því að leysa erfiðustu umferðahnúta gengur ekki. Það er spurning um lífsgæði að þurfa ekki að sitja í bíðröðum 1 1/2 til 2 tíma á dag til að koma stí og úr vinnu. Þá er engin orka eftir til að njóta menningarframboðs niður í bæ. Félagshyggjuöflin eru að breyta úthverfunum í íhaldsbæli með því að sinna ekki þessum málum þá sjaldan sem ríkisstjórnir þykjast ætla að gera eitthvað. En vel að merkja, það eru framsóknarmenn allra flokka sem hafa alltaf valist til samgöngumálaráðherra, og þeir sækja fylgið til miklu fámennari byggða sem er svo hyglað með sér tækum aðgerðum - jafnvel fyrir allt að 10 milljónum króna á hvern íbúa svæðisins. Mál að taka til hendinni.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### GRAFARVOGUR - FRAMHALD

- Skipta um meirihluta.
- Sorphirða í borginni er hlægileg. Það líður of langur tími á milli þess sem sörp er hirt.
- Sundabraut!
- Taka á spillingu innan borgarinnar. Allt of mikið af fólki þar sem virðist eingöngu vera á skrifendur að laununum sínum.
- Það er efni í heila ritgerð.
- Það mætti ryðja göturnar oftar, nánast aldrei rutt mína götu.
- Það þarf að fara að huga meira að mislægum gatnamótum, sem strætó og allir myndu njóta góðs af. Hvað væri hægt að gera mörg mislæg gatnamót í staðinn fyrir borgarlínu.
- Það þarf að moka göngustíga á veturna og hreinsa gras og sópa göngustíga á sumrin í Grafarvogi.
- Það þarf að þrifa götur áður en ryk setur allt á annan endann. Ekki er nóg að þrifa götur einu sinni eða tvisvar á ári eins og nú er gert. Hreinsibílar ættu að vera á ferðinni alla daga ársins. Slá þarf opin svæði minnst mánaðarlega á sumrin og byrja fyrir en í ágúst eins og nú er gert.
- Það væri að æra óstöðugan að telja það upp!
- Þið nefnið ekki að borgin rekur frá bærar félags- miðstöðvar. Hér í Borgum borða um 70 manns, og mikið fleiri stunda félagsstarf. Mikið væri gott að fá mat í félagsmiðstöðvum um helgar, eins og var hér í Borgum.
- Viðhaldega. Betri almenningssamgöngur í ÖLL hverfi. Ekki tala um bættu þjónustu Strætó þegar ferðum í hverfi er fækkað.

### HÁALEITI OG BÚSTAÐIR

- Nei (15 sem nefndu það).
- Að geta sent inn hugmynd nafnlaust í gegn um email, sem er þá ritskoðað og hægt að reykja aftur til mín en nafnið mitt þarf ekki að vera opinbert hjá hugmyndinni.
- Almennt er það þannig að þegar íbúafundir eru haldnir eða borgin tekur á kvörðun um eitthvað - þá gildir álit borgarinnar, ekki íbúa. Með öðrum orðum, borgin tekur mjög lítið tillit til álits íbúa og ábendinga þeirra. Á íbúafundum er haldið erindi en neikvæða athugasemdir látnar niður falla eða þeir sem halda fundina fara fljótlega eftir erindi og gefa ekki færi á svörum - einkum ef viðfangsefnið er óvinsælt hjá íbúum viðeigandi hverfis. Svo má auglýsa þá betur, miklu betur.
- Almennt finnst mér bogin þurfi að fylgja betur eftir skipulags/byggingarsamþykktum s.s. um girðingar og fl.
- Auðveldi að gang barna að fjölbreyttari tómsendum án þess að foreldrar skutli (t.d. með að bjóða tónlistarnám í Fossó/Réttó), byrja aftur að taka garðarusl á vörin og jólatré í janúar. Maður tók mjög eftir því, neikvætt, þegar því var hætt.
- Bæta geðheilbrigðisþjónustu barna á grunnskólaaldri og úrræði og þekkingu skólafélagsfélags í ymsum þroskafrávikum.
- Bæta gróðurumhirðu og slátt á opnum svæðum borgarinnar yfir sumarið. Bæta mokstur og sand/saltburð á gangstéttum þegar snjóþungt er eða hálf á gangstéttum að vetrum.
- Bæta sorphirðu, endurviðslutunur fylglast of hratt.
- Bæta sorphirðu.
- Bæta þjónustu strætó og sleppa borgarlínu.
- Bæta umhirðu og gera stóráttak í að útrýma veggjakroti sem er út um alla borg og ekkert virðist vera gert til að stemma stigu við.
- Betra flæði umferðar og „hrein torg- fögur borg“.
- Betra umferðarflæði Betri umhirða.
- Betri möguleikar á afhendingu flokkaðs sorps.
- Betri umhirða á grænum svæðum.
- Borgin er illa hirt og skítug. Mikið talað um samráð við íbúa en það virkar alls ekki. Er bara til að sýnast.
- Efldar almenningssamgöngur. Taka við lífrænum úrgangi.
- Ekkert sem mér dettur í hug.
- Ekkert sérstakt.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### HÁALEITI OG BÚSTAÐIR - FRAMHALD

- Er ekki hægt að nota annað ensalt á götur borgarinnar yfir vetrarmánuðina? Bílafloti borgarbúa tærast miklu hraðar upp vegna saltsins og þar með hefur það áhrif á ástand og verðgið bílaflotans.
- Er ekki með neitt í huga nú.
- Er frekar óánægð með skipulagsmál. Tel að of langt hafi verið gengið með að þetta byggð.
- Fjölga starfsfólki við umönnun aldraða í heimahúsum, allt of stuttur tími í þrif, ná varla að gera það allra helsta. Svo er maturinn vondur, kjötið er seigt. Móðir mín byrjaði en hætti, gat ekki borðað þetta og það var ólseigt.
- Fleiri ruslatunnur!!! Með endurvinnsluhólfum.
- Forgangsröðun í fjármálum, í þágu þurfandi íbúa (ekki „Nýju fötin keisarans“) eins og Braggamálið eða önnur vitlesa.
- Gera heimasíðuna notendamiðaða.
- Gera sér grein fyrir að flestir nota bíla og mjög fáir hjóla þar sem veður hér mestan hluta ársins er mjög óhagstætt fyrir slíkt, það þarf alvaðlega að huga að gatnakerfinu hér og þessi hjólastígastefna á kostnað ökuleiða sýnir mikla skammsýni og vanhæfni þeirra sem sjá um þessi mál.
- Grenndargámar og ruslatunnur í Háaleitishverfi oft yfirfullar. Viðist ekki tæmt með reglulegum hætti þó annaðsandi á grenndargámum, greinilega ekki farið eftir því plani. Hef oft hringt inn vegna þess og látið vita.
- Hættið með hverfið mitt / betri Reykjavík og farið að sinna nauðsynlegu viðhaldi og endurbótum.
- Hafa stærri op á gámum fyrir plast á hverfastöðvunum vegna þess að t.d. plastbakkar undan kjöti eða fiski komast ekki inn um þessi göt.
- Heilbrigða skynsemi. Allar ristar á niðurföllum eru stíflaðar eftir lauffellingu trjáa í haust. Skyldi enginn vita af því. Eftir vinnu á viðgerðarsvæðum er engin eftirfylgni með frágangi svæðanna. Borgin sé með tilkynningar banka sem tekur við á bændingum borgara, Kv.
- Hjálp á ungu fólki að kaupa fasteignir í borginni svo við endum ekki með eitt stórt eilíheimili.
- Horfa meira inn á viðhæfningu hverfi fyrir sig. R-borg er svaklegt bákn og borgin gerir sumt mjög erfið fyrir íbúa, íþróttafélög o.fl. Reykjavíkurborg verður að hlusta á íbúa. Bæta strætó í hverfinu.
- Hreinnlæti um allan bæ.
- Já, að hlustað væri á mótmæli borgarbúa.

- Já, opna Mjóddina fyrir strætófarþegum, óboðlegt að þurfa að hýrast úti þegar þetta fína hús stendur autt. Og þá er ég að tala um lengri opnunartíma Mjóddarinnar. Erum við ekki að hvetja til aukinnar almenningssamgangna.
- Laga göngustíga í Fossvoginum sem borgin fullyrðir að íbúar eiga en íbúar mega samt ekki setja upp tollhlið eða rukka á annan hátt aðgang.
- Má alveg tæma grænu og bláu tunnurnar við heimili tíðar.
- Meira eftirlit með framkvæmdum.
- Meira gegnsæi í hvert peningum er varið, hvað verkefni á að ráðast í og fá fólk til að vera meira meðvitað um hvað er verið eða þarf að gera og taka beinan þátt í forgangaröðun verkefna td í þeirra hverfi.
- Meiri peningur í Leikskóla!
- Mér finnst að ekki ætti að kjósa um til dæmis hvort laga eigi ónýta stétt eða gönguleið í hverfinu eða um viðhald á leikvöllum. Það á borgin að sjá um að sé gert.
- Mér finnst ekki eðlilegt þegar sett er smá fyrirspurn til skipulags að það taki 4 vikur að það sé afgreitt.
- Mér finnst þessi tölvusamskipti um betra hverfi ekki góð. Ætlaði einu sinni að koma með ábendingu þar en hætti við þegar ég sá viðbrögð annarra við ábendingum ef þau voru ekki sammála. Reynði að hafa samband símleiðis um hlut sem mér finnst mjög mikilvægt en starfsmaður tók illa í að skoða mínar ábendingar.
- Merkja gaugbrautir. Meiri unglíngavinna í aðtína upp rusloga og Reykjavíkurborg taki ábyrgð á gangstéttum fyrir. Fáránlegt að íbúar þurfi að bera ábyrgð á gæðum sem eru til samgöngur fyrir alla.
- Nýja borgarstjórn.
- Setja peninga í annað en bragga, mjókkun gagna og miðbæinn.
- Skiptirari og ódýrari almenningsamgöngur.
- Skipta um stjórnendur í borgarráði, held að aðrir séu að gera sitt besta nema svona hundar eins og Dagur B, Hjálmar Sveins og Hrólfur sem reyndar er hættur, heyrheyr.
- Skiplagsyfyrirvöld sýni íbúum þjónustulund og samstarfsvilja í stað hroka og yfirgangs.
- Slá grasið oftar hirða rusloftar halda borginni snyrtilegri.
- Standa við kvaðir um húsnæði fyrir faðlaða og eldri borgara.
- Tæma grenndargámanna oftar.
- Það er alveg út í hött að hafa gönguljós á Miklubraut. Nóg er flæðið tregt, það þyrfti að vera brú yfir, eða göng. Þetta á við bæði við Stigahlíð og síðan við Miklatún.



## Sp. 46. Viltu taka eitthvað annað fram sem þú telur að geti bætt þjónustu borgarinnar?

### HÁALEITI OG BÚSTAÐIR - FRAMHALD

- Það er engin svör.
- Það þarf að hugsa mun betur um umhirðu í borginni, á sumrin þarf að slá oft og reyta arfa, það er synd að sjá muninn á t.d. Kópavogi og Garðabæ og höfuðborginni.
- Það þarf að sópa göturnar oft.
- Þekki það ekki.
- Tré borgar slúttu niður á gangstéttir og eru ekki hirt.
- Umferðartaðir eru tekjutap fyrir samfélagið og ég veit að þetta er samstarf ríkis og borgar en þetta er alveg óásættanlegt - flott að þetta byggð en að gera takmarkað í samgöngumálum er vanhugsað og skapar neikvæða ímynd af yfirvöldum í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur tekið markvisst frumkvæði í húsnæðismálum og ætti kannski svara oft og meira um hvað er raunverulega verið að byggja af íbúðarhúsnæði í Reykjavík í dag til að mæta þeim sem segja að ekkert húsnæði sé til. Og gerið það sama í samgöngumálum - veit af Borgarlínu sem kemur eftir 10-15 ár en hvað á að gera þangað til?? Við í húsi Hotel Natura og þetta er ömurleg tímasóun að hanga hér í bílabíðröðum kvöld og morgna sem dæmi.
- Vantar alveg strætisvagn sem fer í gegnum Laugardalinn. Fáránlegt að börn þurfi að fara yfir Suðurlandabraut annað hvort fyrir eða eftir æfingu.
- Veit ekki.
- Viðhaldeigna og þrif, átak allra í umhirðu.

### HLÍÐAR

- Nei (6 sem nefndu það).
- Að hugsa betur um aldrada og geðfatlað fólk.
- Að ráða hæft fólk til starfa, sem eru ekki áskrifendur að launum!
- Almennileg úrræði í húsnæðismálum.
- Almenningsamgöngur þyrftu að vera miklu, miklu betri ef þær eiga að vera raunverulegur valmöguleiki fyrir fólk. Strætó þarf að bjóða upp á þéttara net og fleiri mismunandi tegundir af ferðum, bæði hraðferðir úr úthverfum og hægferðir sem stoppa víðar. T.d. ættu sem flestir að geta tekið strætó niður í bæ og skilið bílinn eftir heima. Eins og staðan er núna eru allt of margir beinlínis háðir bíl.
- Áriðandi er að hriða sorp tíðar. Þá er mikilvægt að ganga mun lengra í flokkun, m.a. að hriða sérstaklega lífrænan úrgang. Bílaumferð í borginni er í fullkomnum ógöngum.
- Auka hámarkshraða á stofnæðum. Og liðka fyrir umferð ökutækja.
- Bætt samgöngukerfi, minnka mengun á fjölförnum götum, umhirða grænna svæða, ekki byggja á öllum grænum svæðum, engin dekurverkefni sem kosta of mikið og eru óþörf sbr. Hofsvallagötu og Grensásveg.
- Borgin á að hugsa betur um grunnskólana sína og stjórnendur eiga að vera meira í sambandi við fólk með sem vinnur þar.
- Ef þið ekki aukið verulega íslenskukennslu fyrir innflytjendur, sérstaklega fyrir börn með tvo erlenda foreldra, þá munu þau flosna upp úr skóla og eflaust mörg leiðast út í ofbeldi og glæpi eftir nokkur ár. Þá fyrst munu hægri öfgamenn ná völdum í borgarstjórn og/eða Alþingi. Það verður ykkur að kenna.
- Ég hef lítið út á þjónustu borgarinnar að setja. En ég er verulega ósáttur með rekstur borgarinnar. Illa farið með almannafé. Hlutverk borgarstjóra snýst fyrst og fremst um rekstur. Ef illa er haldið í rekstur er minna hægt að verja í þjónustu.
- Endurskoða dagforeldra kerfið. Hvetja til þess að dagforeldri starfi ekki eitt með 5 börn heldur að fleiri komi að. Það skapar meira öryggi og fagmennsku.
- Fækka verkefnum en gera forgangsverkefni vel.
- Færra en hæfara starfsfólk á flestum stöðum í Borginni.
- Fara í aðgerðir til að bæta loftgæði í borginni. Bæta aðgengi og upplýsingagjöfvaðandi lausnir fyrir aðstandendur heilabílaðra.
